

Matarúthlutanir hjálparstofnana

Könnun á samsetningu hópsins sem þáði matarúthlutun 24. nóvember 2010







EFNISYFIRLIT

Inngangur	6
Framkvæmd og heimtur	6
Úrvinnsla	8
Niðurstöður	9
Fjöldi þeirra sem leituðu til hjálparsamtaka um matarúthlutun 24. nóvember 2010.....	9
Samsetning hópsins sem leitaði til Fjölskylduhjálpar Íslands og Hjálparstarfs kirkjunnar.....	12
Samsetning hópsins eftir ríkisfangi.....	18
Samsetning hópsins eftir kyni.....	22
Framfærslufé þeirra sem leituðu til Fjölskylduhjálpar Íslands og Hjálparstarfs kirkjunnar um matarúthlutun	26
Helstu ástæður þess að fólk leitar til Fjölskylduhjálpar Íslands og Hjálparstarfs kirkjunnar um matarúthlutun	31
Athugasemdir viðmælenda í könnuninni til yfirvalda velferðarmála eða til hjálparsamtakanna	37
Viðauki I	38
Viðauki II	47





Unnið fyrir	Félags- og tryggingamálaráðuneytið
Markmið rannsóknar	Að meta lýðfræðilega samsetningu og aðstæður þess hóps sem þiggur matarúthlutanir frá hjálparsamtökum á Íslandi
Dagsetning skýrsluskila	29. desember 2010

Ábyrgðaraðilar

Framkvæmd	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Úrvinnsla	Andrea G. Dofradóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir
Skýrslugerð	Andrea G. Dofradóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir

INNGANGUR

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði könnun í nóvember 2010 meðal þeirra sem þigga matarúthlutanir hjálparamtaka á Íslandi. Könnunin var unnin að beiðni félags- og tryggingamálaráðuneytisins og er markmiðið með henni að kortleggja, með tilliti til lýðfræðilegrar samsetningar og aðstæðna, hvaða hópur það er sem leitar til hjálparamtaka eftir matarúthlutun. Þau hjálparamtök sem um ræðir eru Fjölskylduhjálpar Íslands, Hjálparstarf kirkjunnar og Mæðrastyrksnefnd. Matarúthlutanir þessara hjálparamtaka fara alla jafna fram einu sinni í viku, á miðvikudögum á eftirfarandi tímum:

- Fjölskylduhjálpar Íslands úthlutar matvælum og öðrum nauðsynjavörum kl. 14-16
- Hjálparstarf kirkjunnar úthlutar matvælum kl. 12-17
- Mæðrastyrksnefnd úthlutar matvælum, fatnaði og fleiru kl. 14-17

Könnunin sem niðurstöður þessarar skýrslu byggja á fór fram miðvikudaginn 24. nóvember hjá fyrrgreindum hjálparamtökum, á meðan matarúthlutun stóð yfir.

FRAMKVÆMD OG HEIMTUR

Erfitt er að ná til þess hóps sem leitar aðstoðar þessara hjálparamtaka með öðrum hætti en að nálgast fólkið á þeim tíma sem úthlutun stendur yfir. Af þessum sökum var ákveðið að gera könnunina á vettvangi tiltekinn dag þegar úthlutun stæði yfir. Við undirbúning könnunarinnar hafði Félagsvísindastofnun samband við forsvarsmenn hjálparstofnananna og óskaði eftir samstarfi um framkvæmd könnunarinnar. Óskað var eftir því að Félagsvísindastofnun fengi aðstöðu fyrir spyrta í húsnæði þeirra þann dag sem könnunin færi fram. Starfsfólk Fjölskylduhjálpar Íslands og Hjálparstarfs kirkjunnar tók vel í bón Félagsvísindastofnunar og veitti liðsinni sitt. Á hinn bóginn lögðust forsvarsmenn Mæðrastyrksnefndar eindregið gegn því að Félagsvísindastofnun gerði könnun meðal skjólstæðinga sinna.

Að höfðu samráði við forsvarsmenn hjálparamtakanna var ákveðið að leggja könnunina fyrir miðvikudaginn 24. nóvember en þá fór fram hefðbundin matarúthlutun hjá þessum stofnunum. Í desember eru matarúthlutanir með öðrum hætti, en mikilvægt er að ná til þess hóps sem leitar alla jafna til þessara hjálparamtaka um matargjafir, en ekki einungis fyrir jól.

Þar sem ekki fékkst samstarf né samþykki Mæðrastyrsnefndar fyrir könnuninni var ákveðið að sleppa því að leggja könnunina fyrir þá sem leituðu til Mæðrastyrsnefndar en í staðinn að telja þá sem kæmu þennan tiltekna dag og áætla um kyn þeirra og aldur. Með þessum hætti er hægt að afla upplýsinga um fjölda þeirra sem leituðu til Mæðrastyrsnefndar og álykta um kynja- og aldursdreifingu þeirra.

Könnun meðal skjólstæðinga Fjölskylduhjálpar Íslands og Hjálparstarfs kirkjunnar

Spurningalistinn var hannaður í samstarfi við félags- og tryggingamálaráðuneytið. Spurt var um kyn, aldur, ríkisfang, búsetu, hjúskaparstöðu, barnafjölda og fjölda í heimili, búsetuform, menntun, stöðu á vinnumarkaði, tekjur, bætur og lífeyri. Þá var spurt hver helsta ástæða þess væri að viðkomandi leitaði til tiltekinnar hjálparstofnunar og hvort hann eða hún ætlaði að leita til fleiri hjálparsamtaka þennan dag. Þar sem vitað var að margir þeir sem leita til hjálparsamtaka eru af erlendu bergi brotnir, einkum frá Póllandi, var listinn þýddur á pólsku og ensku.

Könnunin fór þannig fram að spyrjar voru á staðnum og óskuðu eftir því að fólk svaraði nokkrum spurningum á meðan það beið eftir matarúthlutun eða um leið og það hafði fengið úthlutað. Ef viðmælandi neitaði að taka þátt í könnuninni var hann spurður um ástæður þess að hann vildi ekki taka þátt og í kjölfarið fyllti spyrill út brottfallsblað með upplýsingum um kyn, áætlaðan aldur og ástæður brottfalls.

Alls unnu átta spyrjar að könnuninni hjá Fjölskylduhjálpar Íslands, þar af tveir pólskumælandi, en hjá Hjálparstarfi kirkjunnar spurðu fjórir spyrjar, þar af einn pólskumælandi. Spyrjarnir voru mættir á staðina nokkru áður en að úthlutun hófst og spurðu þar til úthlutun var lokið. Áætla má að þeir hafi náð á nær alla þá sem leituðu til þessara stofnana þennan dag.

Talning meðal skjólstæðinga Mæðrastyrsnefndar

Tveir spyrjar Félagsvísindastofnunar sátu í bíl fyrir utan innganginn í húsnæði Mæðrastyrsnefndar og skráðu fjölda fullorðinna sem gengu inn í húsnæði Mæðrastyrsnefndar og áætluðu kyn þeirra og aldur. Skráningin hófst um kl. 12 og lauk kl 17.

Heimtur

Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir svarendur og brottfall í könnuninni hjá Fjölskylduhjálpar Íslands og Hjálparstarfi kirkjunnar, sem og niðurstöður talningar meðal skjólstæðinga Mæðrastyrsnefndar. Eins og sjá má er svarhlutfall sambærilegt hjá Fjölskylduhjálpinni og Hjálparstarfi kirkjunnar, eða á bilinu 72-74%. Sömuleiðis má sjá að fjöldi skjólstæðinga sem leitaði til Mæðrastyrsnefndar 24. nóvember var mun meiri en leitaði til hinna samtakanna. Hér skal þó hafa í huga að hluti hópsins leitaði til fleiri en einna þessara hjálparsamtaka þennan tiltekna dag.

Tafla 1. Heimtur 24. nóvember 2010

	Fjölskylduhjálpi Íslands		Hjálparstarfi kirkjunnar		Mæðrastyrks- nefnd		Samtals	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Svarendur	240	74%	93	72%	0	0%	333	33%
Brottfall	85	26%	36	28%	0	0%	121	12%
Talning	0	0%	0	0%	564	100%	564	55%
Alls	325	100%	129	100%	564	100%	1018	100%

Svör við spurningu um það hvort fólk hefði eða hygðist leita til fleiri hjálparsamtaka þennan dag voru notuð til að áætla hver heildarfjöldi einstaklinga væri (sjá bls. 8), en hann er áætlaður á bilinu 730-790 manns.

ÚRVINNSLA

Niðurstöður eru birtar í töflum og myndum. Töflurnar sýna hlutföll og fjölda svara skipt niður eftir margvíslegum bakgrunnsþáttum. Í töflunum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar. Af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bak við hverja greiningu.

NIÐURSTÖÐUR

Fjöldi þeirra sem leituðu til hjálparsamtaka um matarúthlutun 24. nóvember 2010

Tafla 2 og mynd 1 sýna fjölda og hlutfall þeirra sem leituðu til hjálparsamtaka á Íslandi um matarúthlutun miðvikudaginn 24. nóvember. Ætla má að Fjölskylduhjálp Íslands, Hjálparstarf kirkjunnar og Mæðrastyksnefnd hafi samanlagt úthlutað matvælum til riflega 1.000 einstaklinga þennan dag (Fjöldi=1018), en þess ber að geta að hluti hópsins leitaði til fleiri en einna þessara hjálparsamtaka þennan dag. Þeir einstaklingar eru því annað hvort tví- eða þríaldir í töflu 2 og á mynd 1. Eins og sjá má sóttu flestir úthlutun til Mæðrastyksnefndar, eða 564 talsins, en 325 leituðu til Fjölskylduhjálpar Íslands og 129 til Hjálparstarfs kirkjunnar.¹

Tafla 2. Fjöldi þeirra sem leituðu til hjálparsamtaka um matarúthlutun miðvikudaginn 24. nóvember 2010; skipt eftir kyni og aldri





	Fjölskylduhjálp Íslands		Hjálparstarf kirkjunnar		Mæðrastyksnefnd		Samtals	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Heild	325	32%	129	13%	564	55%	1018	100%
Kyn								
Karlar	147	48%	47	37%	228	42%	422	43%
Konur	158	52%	79	63%	316	58%	553	57%
Aldur								
Yngri en 20 ára	5	4%	3	2%	13	2%	21	2%
20-29 ára	55	18%	18	15%	84	16%	157	16%
30-39 ára	74	24%	34	28%	162	30%	270	28%
40-49 ára	82	27%	36	30%	128	24%	246	25%
50-59 ára	62	20%	24	20%	111	21%	197	20%
Eldri en 60 ára	27	9%	7	6%	43	8%	77	8%

Í könnuninni voru svarendur beðnir að gefa upp hvort þeir ætluðu að leita til fleiri en einnar þessara þriggja hjálparsamtaka þennan dag og þá hverra. Eins og sjá má í töflu 3 sögðust riflega

¹ Hafa ber í huga að upplýsingarnar um kyn og aldur þeirra sem sóttu til Mæðrastyksnefndar og þeirra sem neituðu að taka þátt í könnuninni hjá Fjölskylduhjálp Íslands og Hjálparstarfi kirkjunnar (alls 121 talsins) byggja á skráningu og ályktun spyrna.

tveir af hverjum 5 (42%) einungis ætla að leita til einna hjálparsamtaka miðvikudaginn 24. nóvember. Út frá svörum þátttakenda má sömuleiðis gera ráð fyrir að um fjórðungur hafi hugsanlega ætlað að leita til fleiri en einna samtaka en 34% ætluðu að fara til tveggja eða þriggja samtaka.

Tafla 3. Hlutfall svarenda sem leitaði til eða áformaði að leita til einna eða fleiri hjálparsamtaka 24. nóvember 2010

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Svör			
Einungis einna	140	42,0%	 42,0%
Hugsanlega fleiri en einna	79	23,7%	 23,7%
Að minnsta kosti tveggja	85	25,5%	 25,5%
Allra þriggja	29	8,7%	 8,7%
Alls	333	100%	

Til þess að áætla heildarfjölda einstaklinga sem leitaði til einhverra hjálparsamtakanna voru útbúin viðmið á grundvelli upplýsinga úr töflu 3 hér að ofan. Viðmiðin má sjá í töflu 4.

Tafla 4. Mat á heildarfjölda einstaklinga sem leitaði til hjálparsamtaka 24. nóvember 2010


	Viðmið*		
	75%	50%	25%
Leita til einna samtaka	488	548	608
Leita til tveggja samtaka	197	167	137
Leita til þriggja samtaka	45	45	45
Alls einstaklingar	730	760	790
Alls úthlutanir	1018	1018	1018

*Miðað við að x% þeirra sem segjast ætla að leita til fleiri en einna samtaka geri það.

Í töflu 2 og á mynd 1 má sjá að hlutfall karla og kvenna sem leituðu til Fjölskylduhjálpar Íslands var nokkuð jafnt (52% konur og 48% karlar), en hlutfallslega fleiri konur en karlar leituðu til Hjálparstarfs kirkjunnar (63% konur og 37% karlar) og Mæðrastyrksnefndar (58% konur og 42% karlar).

Sá hópur sem leitar til hjálparsamtaka um matarúthlutun er á breiðu aldursbili. Stærstu aldurshóparnir og svipað stórir sem leituðu eftir slíkri aðstoð þann 24. nóvember voru á aldrinum 30 til 39 ára og 40-49 ára (25-28%), en einnig voru aldurshóparnir 20-29 ára og 50-59 ára

nokkuð stór hluti, eða á bilinu 16-20%. Ekki var umtalsverður munur á aldursdreifingu þeirra sem leituðu þennan dag til þessara þriggja hjálparstofnana.



Mynd 1. Fjöldi þeirra sem leituðu til hjálparsamtaka um matarúthlutun miðvikudaginn 24. nóvember 2010; skipt eftir kyni og aldri

Samsetning hópsins sem leitaði til Fjölskylduhjálpar Íslands og Hjálparstarfs kirkjunnar

Í töflum 5a, 5b og 5c er leitast við að gera grein fyrir samsetningu þess hóps sem leitaði til Fjölskylduhjálpar Íslands annars vegar og Hjálparstarfs kirkjunnar hins vegar miðvikudaginn 24. nóvember og tók þátt í könnuninni. Ekki er unnt að gera grein fyrir samsetningu hópsins sem leitaði til Mæðrastyrksnefndar með þessum hætti þar sem ekki tókst að leggja könnunina fyrir skjólstæðinga Mæðrastyrksnefndar.

Eins og sjá má í töflu 5a voru konur í nokkrum meirihluta þeirra sem leituðu til þessara hjálparsamtaka (57% konur á móti 43% karlar), einkum meðal skjólstæðinga Hjálparstarfs kirkjunnar en þar voru um tveir af hverjum þremur konur (63%).

Aldursdreifing svarenda var nokkuð áþekk hjá Fjölskylduhjálpinni og Hjálparstarfinu, nema þá hvað helst meðal aldurshópanna 20-29 ára og 30-39 ára en hlutfallslega fleiri þeirra sem leituðu til Fjölskylduhjálparinnar voru í yngri hópnum (20% á móti 13%) en hlutfall 30-39 ára var hærra meðal svarenda sem leituðu til Hjálparstarfsins.

Þá var hópurinn sem svaraði hjá þessum hjálparsamtökunum nokkuð áþekkur með tilliti til ríkisfangs, en um þriðjungur hópsins hefur erlent ríkisfang og eru þrír af hverjum fjórum þeirra pólskir.

Í töflu 5a má sjá að um fjórðungur svarenda býr í Reykjavík, vestan Elliðaár og annar fjórðungur í Breiðholti. Umtalsverður hluti hópsins býr í Árbæ, Grafarholti eða Grafarvogi (12%) og í nágrennasveitarfélögunum Kópavogi og Garðabæ, Hafnarfirði eða á Álftanesi (12-16%). Um einn af hverjum 10 er búsettur á landsbyggðinni, einkum á Suðurnesjum.

Athygli vekur að nokkuð svipaður hópur fólks sem ekki hafði lokið formlegu námi umfram grunnskóla (47%) og þeirra sem höfðu lokið námi á framhaldsskólastigi (44%) leituðu til þessara hjálparsamtaka um matarúthlutun. Um einn af hverjum 10 (9%) var með háskólapróf.

Eins og sjá má var nokkuð innan við helmingur svarenda (42%) sem sagðist einungis mundi leita til einna hjálparsamtaka þennan tiltekna dag. Hins vegar var óljóst hvort fjórðungur svarenda (24%) mundi leita til fleiri en einnar stofnunar um matarúthlutun. Um fjórðungur sagðist mundi leita til að minnsta kosti tveggja hjálparsamtaka en 1 af hverjum 10 (9%) ætlaði að leita til allra þriggja stofnana um matarúthlutun þennan tiltekna dag. Dreifing svara við þessari spurningu var nokkuð áþekk meðal skjólstæðinga Fjölskylduhjálparinnar og Hjálparstarfsins.

Tafla 5a. Hlutfall svarenda sem svaraði könnuninni hjá tilteknum hjálparstökum 24. nóvember 2010; skipt eftir margvíslegum bakgrunnspáttum

	Fjölskylduhjálparstarfi Íslands		Hjálparstarfi kirkjunnar		Alls	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Heild	240	100%	93	100%	333	100%
Kyn						
Karl	105	45%	34	37%	139	43%
Kona	131	56%	57	63%	188	57%
Aldur						
Yngri en 20 ára	4	2%	3	3%	7	2%
20-29 ára	47	20%	11	13%	58	18%
30-39 ára	56	23%	27	31%	83	25%
40-49 ára	64	27%	23	26%	87	27%
50-59 ára	48	20%	16	18%	64	20%
60 ára og eldri	20	8%	7	8%	27	8%
Ríkisfang						
Íslenskt	164	68%	61	66%	225	68%
Pólskt	62	26%	19	21%	81	24%
Annað	14	6%	12	13%	26	8%
Búseta						
Reykjavík vestan Elliðaár og Seljarnarnes	61	27%	19	23%	80	26%
Breiðholt	54	24%	22	27%	76	24%
Árbær, Grafarholt og Grafarvogur	22	10%	14	17%	36	12%
Kópavogur	29	13%	7	8%	36	12%
Garðabær, Hafnarfjörður og Álftanes	33	15%	17	21%	50	16%
Landsbyggð	29	13%	4	5%	33	11%
Menntun						
Grunnskólapróf/gagnfræðapróf/landspróf eða minna	117	49%	34	41%	151	47%
Nám á framhaldsskólastigi	102	43%	40	48%	142	44%
Nám á háskólastigi	20	8%	9	11%	29	9%
Fjöldi hjálparstofnana sem leitað er til						
Einungis ein	96	40%	44	47%	140	42%
Hugsanlega fleiri en ein	61	25%	18	19%	79	24%
Að minnsta kosti tvær	62	26%	23	25%	85	26%
Allar	21	9%	8	9%	29	9%

Í töflu 5b má sjá hlutfall svarenda eftir hjálparstökum og ýmsum þáttum sem tengjast fjölskyldugerð. Eins og sjá má var rétt um helmingur (47%) svarenda einhleypur eða hafði misst maka sinn, ríflega þriðjungur var giftur eða í sambúð (36%) og tæpur fimmtungur (17%) var fraskilinn. Samsetning svarendahópsins eftir hjúskaparstöðu var nokkuð áþekkt hjá hjálparstökunum, að því undanskyldu að hlutfallslega heldur fleiri einhleypir og ekkjur/ekklar leituðu til Hjálparstarfsins og heldur fleiri giftir eða í sambúð til Fjölskylduhjálparinnar.

Töluverð dreifing er í fjölda barna sem svarendur eiga. Um fimmtungur (19%) á ekki barn og annar fimmtungur á eitt barn (21%) og fjórðungur á tvö börn. Tæplega fimmtungur (17%) á þrjú börn og jafnstór hópur á fjögur börn eða fleiri. Sömuleiðis veður athygli að einungis 15% barnafólksins á einungis börn sem eru 18 ára eða eldri og eru búsett á heimili þeirra. Langflestir eiga því börn undir 18 ára aldri. Athygli veður að barnlausir og þeir sem einungis eiga börn 18 ára eða eldri eru hlutfallslega fleiri meðal þeirra sem leituðu til Fjölskylduhjálparinnar (19-21%) en Hjálparstarfsins (4-13%).

Þegar fjölskyldugerð svarenda er skoðuð má sjá að stærstu hóparnir eru einstæðir foreldrar (29%), þeir sem búa einir (24%), og þeir sem eiga maka og börn (23%). Þessir hópar eru hlutfallslega fleiri meðal skjólstæðinga Hjálparstarfs kirkjunnar en meðal þeirra sem leituðu til Fjölskylduhjálpar Íslands. Fjölskyldugerð skjólstæðinga Hjálparstarfsins er því heldur einsleitari en meðal skjólstæðinga Fjölskylduhjálparinnar.

Töluverð dreifing er í fjölda heimilismanna svarenda könnunarinnar. Hlutfallslega fleiri þeirra sem leituðu til Hjálparstarfsins eru annað hvort einn eða þrír í heimili heldur en meðal þeirra sem leituðu til Fjölskylduhjálparinnar en þessu er öfugt farið meðal þeirra sem eru tveir í heimili.

Um þrír af hverjum fjórum svarendum eru í leiguhúsnæði, helmingur á almennum markaði (49%) og um fjórðungur í félagslega húsnæðiskerfinu eða í íbúð á vegum Öryrkjabandalagsins (25%). Um fimmtungur (19%) býr í eigin húsnæði. Athygli veður að þeir sem búa í leiguhúsnæði á vegum félagslega kerfisins eða Öryrkjabandalagsins eru frekar skjólstæðingar Hjálparstarfsins (34%) en Fjölskylduhjálparinnar (23%).

Í töflu 5c eru upplýsingar um samsetningu svarendahópsins eftir stöðu á vinnumarkaði og tekjum. Eins og sjá má voru 82% svarenda annað hvort atvinnulausir (44%) eða öryrkjar (38%). Um 7% þeirra sem leituðu til þessara hjálparsamtaka 24. nóvember voru í launaðri vinnu og 4% voru á eftirlaunum.

Í töflu 5c má einnig sjá tegundir tekna sem skjólstæðingar þessara stofnana hafa til lífsviðurværis. Um helmingur svarenda þiggur atvinnuleysisbætur eða fjárhagsaðstoð frá félagsþjónustu (47%) og um tveir af hverjum 5 (41%) örorku- eða endurhæfingarlífeyri Tryggingastofnunar ríkisins eða dagpeninga úr sjúkrasjóði. Svipað hlutfall þiggur húsaleigubætur (41%) og barnabætur, meðlag, barnalífeyrir, mæðralaun og/eða fæðingarorlofsgreiðslur (42%). Mun færri fá laun (10%), lífeyrissjóðsgreiðslur eða ellilífeyri (11%) eða eru á námslánum eða á framfærslu fjölskyldu eða maka eða hafa annars konar tekjur en spurt var um (15%). Nokkur munur var á samsetningu framfærslufjár eftir því um hvor hjálparsamtökin var að ræða, en hlutfallslega fleiri skjólstæðinga Hjálparstarfsins en Fjölskylduhjálparinnar sögðust fá

húsaleigubætur eða fæðingarorlofsgreiðslur, barnalífeyri, meðlag, mæðralaun eða barnabætur, sem og laun eða námslán, eru á framfærslu fjölskyldu eða hafa aðrar tekjur en spurt var um.

Tafla 5b. Hlutfall svarenda sem svaraði könnuninni hjá tilteknum hjálparstökum 24. nóvember 2010; skipt eftir margvíslegum bakgrunnspáttum

	Fjölskylduhjálpi Íslands		Hjálparstarf kirkjunnar		Alls	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Heild	240	100%	93	100%	333	100%
Hjúskaparstaða						
Einhley p(ur) eða ekkja/ekkill	109	45%	45	50%	154	47%
Gift(ur) eða í (staðfestri) sambúð/samvist	90	38%	30	33%	120	36%
Fráskilin(n)	41	17%	16	18%	57	17%
Fjölskyldugerð						
Býr ein(n)	52	22%	22	28%	74	24%
Býr með maka	20	9%	1	1%	21	7%
Býr með maka og börnum	52	22%	21	27%	73	23%
Einstæð(ur) með börn	63	27%	29	37%	92	29%
Býr með foreldri/foreldrum eða öðrum en maka og börnum	25	11%	0	0%	25	8%
Býr með börnum og foreldri/foreldrum eða öðrum en maka	14	6%	5	6%	19	6%
Býr með maka, börnum og foreldri/foreldrum eða öðrum	8	3%	1	1%	9	3%
Fjöldi barna (þar með talin stjúp- og fósturbörn)						
Á ekki barn/börn	51	21%	11	13%	62	19%
1 barn	44	19%	24	29%	68	21%
2 börn	62	26%	18	21%	80	25%
3 börn	45	19%	12	14%	57	18%
4 börn eða fleiri	36	15%	19	23%	55	17%
Fjöldi barna 17 ára og yngri						
Ekkert barnanna undir 18 ára aldri	28	19%	2	4%	30	15%
1 barn	49	33%	23	43%	72	36%
2 börn	47	32%	13	25%	60	30%
3 börn eða fleiri	25	17%	15	28%	40	20%
Fjöldi í heimili						
1 í heimili	52	22%	22	27%	74	23%
2 í heimili	58	24%	11	13%	69	21%
3 í heimili	56	23%	24	29%	80	25%
4 í heimili	42	18%	12	15%	54	17%
5 í heimili eða fleiri	31	13%	13	16%	44	14%
Býrð þú í eigin húsnæði, leiguhúsnæði eða hjá öðrum?						
Í eigin húsnæði	44	18%	16	19%	60	19%
Í leiguhúsnæði á almennum markaði	121	50%	37	45%	158	49%
Í leiguhúsnæði í félagslega húsnæðiskerfinu eða á vegum	54	23%	28	34%	82	25%
Brynju - hússjóðs Öryrkjabandalagsins						
Annað	21	9%	2	2%	23	7%

Tafla 5c. Hlutfall svarenda sem svaraði könnuninni hjá tilteknum hjálparstökum 24. nóvember 2010; skipt eftir margvíslegum bakgrunnspáttum

	Fjölskylduhjálpi Íslands		Hjálparstarf kirkjunnar		Alls	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Heild	240	100%	93	100%	333	100%
Staða á vinnumarkaði						
Í launaðri vinnu	15	6%	6	7%	21	7%
Atvinnulaus	111	46%	31	37%	142	44%
Öryrki	88	37%	34	41%	122	38%
Heimavinnandi/í fæðingarorlofi	4	2%	2	2%	6	2%
Á eftirlaunum	8	3%	4	5%	12	4%
Annað	13	5%	6	7%	19	6%
Tekjur - Laun frá vinnuveitanda eða tekjur af eigin atvinnurekstri						
Já	21	9%	12	15%	33	10%
Nei	217	91%	71	86%	288	90%
Tekjur - Atvinnuleysisbætur eða fjárhagsaðstoð frá félagsþjónustu						
Já	114	48%	37	45%	151	47%
Nei	125	52%	46	55%	171	53%
Tekjur - Húsaleigubætur og/eða sérstakar húsaleigubætur						
Já	94	39%	39	47%	133	41%
Nei	145	61%	44	53%	189	59%
Tekjur - Örorðu- eða endurhæfingarlífeyrir TR eða dagpeningar úr sjúkrasjóði						
Já	97	41%	34	41%	131	41%
Nei	142	59%	49	59%	191	59%
Tekjur - Lífeyrissjóðsgreiðslur og/eða ellilífeyrir						
Já	25	11%	10	12%	35	11%
Nei	214	90%	73	88%	287	89%
Tekjur - Barnabætur, meðlag, barnalífeyrir, mæðralaun og/eða fæðingarorlofsgreiðslur						
Já	91	38%	45	54%	136	42%
Nei	148	62%	38	46%	186	58%
Tekjur - Á framfærslu fjölskyldu eða maka eða námslánum eða aðrar tekjur en spurt er um						
Já	32	13%	17	21%	49	15%
Nei	207	87%	66	80%	273	85%
Heildartekjur fyrir skatt í síðasta mánuði						
Undir 150 þúsund krónur	101	46%	27	38%	128	44%
150-199 þúsund krónur	71	32%	29	40%	100	34%
200 þúsund krónur eða hærra	49	22%	16	22%	65	22%

Ríflega tveir af hverjum 5 svarenda sagðist hafa undir 150 þúsund krónur í síðasta mánuði í heildartekjur fyrir skatt, um þriðjungur á bilinu 150-199 þúsund krónur en tæpur fjórðungur hafði 200 þúsund krónur eða meira í heildartekjur undangenginn mánuð. Hlutfallslega fleiri skjólstæðingar Fjölskylduhjálparinnar sögðust hafa haft tekjur undir 150 þúsund krónur



síðastliðinn mánuð (46%) en þeir sem leituðu til Hjálparstarfsins (38%). Á hinn bóginn voru hlutfallslega fleiri skjólstæðinga Hjálparstarfsins með heildartekjur á bilinu 150-199 þúsund krónur (40% á móti 32%), en hlutfallið var það sama í hæsta tekjuhópnum hjá báðum hjálparsamtökum (22%).

Samsetning hópsins eftir ríkisfangi

Töflum 6a til 6c er samsetning hópsins sem leitaði til Fjölskylduhjálpar Íslands og Hjálparstarfs kirkjunnar 24. nóvember 2010 greind eftir ríkisfangi. Um þriðjungur svarenda hafði erlent ríkisfang (32%) og um þrír af hverjum fjórum þeirra voru pólskir. Athygli vekur að erlendu ríkisborgararnir, einkum þeir pólsku skera sig umtalsvert úr hópnum.

Eins og sjá má í töflu 6a leituðu um þrír af hverjum fjórum Íslensku og pólsku svarendanna til Fjölskylduhjálpar Íslands (73-77%) en hið sama gildi um ríflega helming þeirra sem höfðu annað ríkisfang (54%).

Hlutfallslega mun fleiri karlar voru í hópi þeirra svarenda sem hafa erlent ríkisfang en meðal Íslendinganna. Þetta gildir sér í lagi um pólsku svarendurna en meðal þeirra voru um tveir af hverjum þremur karlar (63%) en hið sama gildi um ríflega þriðjung Íslendinganna (35%).

Þá má sá að nokkuð meiri dreifing var í aldri Íslensku svarendanna en bæði þeirra pólsku og þeirra sem höfðu annað erlent ríkisfang. Um 46% Íslendinganna voru á aldrinum 30-49 ára en hið sama gildi um 59% Pólverjanna og 87% þeirra sem hafa annað erlent ríkisfang. Um fjórðungur Pólverjanna býr í Kópavogi (26%) en það sama á við um 7-9% þeirra sem höfðu íslenskt ríkisfang eða annað erlent ríkisfang en pólskt.

Þá vekur sérstaka athygli að langflestir Pólverjanna hafa lokið námi á framhaldsskólastigi, eða 84%, en 30-36% hinna hópanna hafa lokið námi á þessu stigi. Mikill munur var sömuleiðis eftir ríkisfangi á hlutfalli þeirra sem voru ákveðnir í að leita einungis til einna hjálparsamtaka þennan tiltekna úthlutunardag. Um helmingur Íslendinga sagðist mundi einungis leita til einna samtaka (52%) og ríflega tveir af hverjum þremur erlendra ríkisborgara annarra en pólskra (69%) sagði hið sama. Á hinn bóginn voru 5% Pólverjanna ákveðnir í að leita einungis til einna samtaka.

Í töflu 6b kemur fram að þeir sem höfðu erlent ríkisfang voru mun frekar giftir eða í sambúð (54-64%) en Íslendingarnir (24%). Að sama skapi bjuggu hlutfallslega fleiri erlendu ríkisborgaranna með maka og börnum (41-52%) samanborið við Íslendingana (13%). Á hinn bóginn voru Íslensku svarendurnir frekar einstæðir foreldrar (37%) eða bjuggu einir (28%) en erlendu ríkisborgararnir (11-20% einstæðir foreldrar og 13-16% bjuggu einir).

Í töflu 6b má sjá að umtalsverður munur var á húsnæðisaðstæðum fólksins eftir ríkisfangi. Langflestir Pólverjanna, eða 90%, bjuggu í leiguhúsnæði á almennum markaði en hið sama gildi um 62% annarra erlendra ríkisborgara og 32% Íslendinga. Íslendingarnir bjuggu hins vegar mun

frekar en erlendu ríkisborgararnir í félagslegu húsnæði eða í húsnæði á vegum Öryrkjabandalagsins (36% Íslendinganna á móti 1-12% erlendu ríkisborgaranna).

Tafla 6a. Hlutfall svarenda eftir ríkisfangi; skipt eftir margvíslegum bakgrunnspáttum

	Íslenskt		Pólskt		Annað		Alls	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Heild	225	100%	81	100%	26	100%	332	100%
Nafn hjálparstofnunar þar sem spurt var								
Fjölskylduhjálp Íslands	164	73%	62	77%	14	54%	240	72%
Hjálparstarf kirkjunnar	61	27%	19	24%	12	46%	92	28%
Kyn								
Karl	77	35%	50	63%	11	42%	138	58%
Kona	144	65%	29	37%	15	58%	188	100%
Aldur								
Yngri en 20 ára	6	3%	1	1%	0	0%	7	2%
20-29 ára	44	20%	13	16%	1	4%	58	18%
30-39 ára	47	21%	27	34%	9	39%	83	26%
40-49 ára	55	25%	20	25%	11	48%	86	26%
50-59 ára	44	20%	18	23%	2	9%	64	20%
60 ára og eldri	26	12%	1	1%	0	0%	27	8%
Búseta								
Reykjavík vestan Elliðaár og Seltjarnarnes	50	23%	22	32%	8	35%	80	26%
Breiðholt	57	26%	12	17%	7	30%	76	24%
Árbær, Grafarholt og Grafarvogur	30	14%	3	4%	3	13%	36	12%
Kópavogur	16	7%	18	26%	2	9%	36	12%
Garðabær, Hafnarfjörður og Álftanes	37	17%	12	17%	1	4%	50	16%
Landsbyggð	29	13%	2	3%	2	9%	33	11%
Menntun								
Grunnskólapróf/gagnfræðapróf/landspróf eða minna	137	64%	4	5%	10	40%	151	47%
Nám á framhaldsskólastigi	64	30%	68	84%	9	36%	141	44%
Nám á háskólastigi	14	7%	9	11%	6	24%	29	9%
Fjöldi hjálparstofnana sem leitað er til								
Einungis ein	118	52%	4	5%	18	69%	140	42%
Hugsanlega fleiri en ein	12	5%	64	79%	2	8%	78	23%
Að minnsta kosti tvær	68	30%	13	16%	4	15%	85	26%
Allar	27	12%	0	0%	2	8%	29	9%

Tafla 6c sýnir stöðu svarenda á vinnumarkaði, samsetningu framfærslufjár og tekjur eftir ríkisfangi þeirra. Umtalsverður munur var á stöðu fólksins á vinnumarkaði eftir ríkisfangi þeirra. Þannig voru langflestir Pólverjanna atvinnulausir, eða 91%, en hið sama gildi um 62% annarra erlendra ríkisborgara og fjórðung Íslendinganna (24%). Á hinn bóginn var stærsti hópur Íslendinganna öryrkjar, eða 55%, en hið sama gildi um 3-8% erlendu ríkisborgaranna.

Í ljósi stöðunnar á vinnumarkaði kemur ekki á óvart að Pólverjarnir sögðust flestir vera á atvinnuleysisbótum eða fjárhagsaðstoð frá félagsþjónustu (90%) og Íslendingarnir voru frekar en erlendu ríkisborgararnir á örorku- eða endurhæfingarlífeyri eða fengu dagpeninga úr sjúkrasjóði (58% á mótí 3-20%).

Tafla 6b. Hlutfall svarenda eftir ríkisfangi; skipt eftir margvíslegum bakgrunnspáttum

	Íslenskt		Pólskt		Annað		Alls	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Heild	225	100%	81	100%	26	100%	332	100%
Hjúskaparstaða								
Einhley p(ur) eða ekkja/ekkill	131	59%	15	19%	8	31%	154	47%
Gift(ur) eða í (staðfestri) sambúð/samvist	53	24%	52	64%	14	54%	119	36%
Fráskilin(n)	39	18%	14	17%	4	15%	57	17%
Fjölskyldugerð								
Býr ein(n)	60	28%	10	13%	4	16%	74	24%
Býr með maka	10	5%	11	15%	0	0%	21	7%
Býr með maka og börnum	28	13%	31	41%	13	52%	72	23%
Einstæð(ur) með börn	79	37%	8	11%	5	20%	92	29%
Býr með foreldri/foreldrum eða öðrum en maka og börnum	11	5%	12	16%	2	8%	25	8%
Býr með börnum og foreldri/foreldrum eða öðrum en maka	16	8%	2	3%	1	4%	19	6%
Býr með maka, börnum og foreldri/foreldrum eða öðrum	7	3%	2	3%	0	0%	9	3%
Fjöldi barna (þar með talin stjúp- og fósturbörn)								
Á ekki barn/börn	36	17%	23	28%	3	12%	62	19%
1 barn	43	20%	22	27%	3	12%	68	21%
2 börn	50	23%	19	24%	11	42%	80	25%
3 börn	39	18%	12	15%	5	19%	56	17%
4 börn eða fleiri	46	22%	5	6%	4	15%	55	17%
Fjöldi barna 17 ára og yngri								
Ekkert barnanna undir 18 ára aldri	28	19%	1	3%	1	5%	30	15%
1 barn	45	31%	22	63%	4	21%	71	35%
2 börn	44	30%	8	23%	8	42%	60	30%
3 börn eða fleiri	30	20%	4	11%	6	32%	40	20%
Fjöldi í heimili								
1 í heimili	60	28%	10	13%	4	15%	74	23%
2 í heimili	47	22%	21	26%	1	4%	69	22%
3 í heimili	49	23%	24	30%	7	27%	80	25%
4 í heimili	30	14%	13	16%	10	39%	53	17%
5 í heimili eða fleiri	28	13%	12	15%	4	15%	44	14%
Býrð þú í eigin húsnæði, leiguhúsnæði eða hjá öðrum?								
Í eigin húsnæði	49	23%	4	5%	6	23%	59	18%
Í leiguhúsnæði á almennum markaði	69	32%	73	90%	16	62%	158	49%
Í leiguhúsnæði í félagslega húsnæðiskerfinu eða á vegum	78	36%	1	1%	3	12%	82	25%
Brynju - hússjóðs Öryrkjabandalagsins								
Annað	19	9%	3	4%	1	4%	23	7%

Athygli vekur að Pólverjar þiggja síður húsaleigubætur en Íslendingar og aðrir erlendir ríkisborgarar (10% á móti 32-54%) og er það áhugavert í ljósi þess að Pólverjarnir búa mun frekar í leiguhúsnæði (sjá neðst í töflu 6b) og tilheyra mun frekar lægsta tekjuhópnum (sjá neðst í töflu 6c) en báðir hinir hóparnir. Um tveir af hverjum þremur Pólverjanna (67%) höfðu undir 150 þúsund krónur í tekjur fyrir skatt undangenginn mánuð samanborið um þriðjung Íslendinganna (36%) og annarra erlendra ríkisborgara (33%).

Tafla 6c. Hlutfall svarenda eftir ríkisfangi; skipt eftir margvíslegum bakgrunnspáttum

	Íslenskt		Pólskt		Annað		Alls	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Heild	225	100%	81	100%	26	100%	332	100%
Staða á vinnumarkaði								
Í launaðri vinnu	11	5%	3	4%	7	27%	21	7%
Atvinnulaus	51	24%	74	91%	16	62%	141	44%
Öryrki	118	55%	2	3%	2	8%	122	38%
Heimavinnandi/í fæðingarorlofi	4	2%	1	1%	1	4%	6	2%
Á eftirlaunum	12	6%	0	0%	0	0%	12	4%
Annað	18	8%	1	1%	0	0%	19	6%
Tekjur - Laun frá vinnuveitanda eða tekjur af eigin atvinnurekstri								
Já	22	10%	4	5%	7	29%	33	10%
Nei	193	90%	77	95%	17	71%	287	90%
Tekjur - Atvinnuleysisbætur eða fjárhagsaðstoð frá félagsþjónustu								
Já	62	29%	73	90%	15	60%	150	47%
Nei	153	71%	8	10%	10	40%	171	53%
Tekjur - Húsaleigubætur og/eða sérstakar húsaleigubætur								
Já	117	54%	8	10%	8	32%	133	41%
Nei	98	46%	73	90%	17	68%	188	59%
Tekjur - Örorðu- eða endurhæfingarlífeyrir TR eða dagpeningar úr sjúkrasjóði								
Já	124	58%	2	3%	5	20%	131	41%
Nei	91	42%	79	98%	20	80%	190	59%
Tekjur - Lífeyrissjóðsgreiðslur og/eða ellilífeyrir								
Já	34	16%	0	0%	1	4%	35	11%
Nei	181	84%	81	100%	24	96%	286	89%
Tekjur - Barnabætur, meðlag, barnalífeyrir, mæðralaun og/eða fæðingarorlofsgreiðslur								
Já	100	47%	19	24%	16	64%	135	42%
Nei	115	54%	62	77%	9	36%	186	58%
Tekjur - Á framfærslu fjölskyldu eða maka eða námslánum eða aðrar tekjur en spurt er um								
Já	34	16%	11	14%	3	12%	48	15%
Nei	181	84%	70	86%	22	88%	273	85%
Heildartekjur fyrir skatt í síðasta mánuði								
Undir 150 þúsund krónur	71	36%	50	67%	7	33%	128	44%
150-199 þúsund krónur	74	38%	18	24%	7	33%	99	34%
200 þúsund krónur eða hærra	51	26%	7	9%	7	33%	65	22%

Samsetning hópsins eftir kyni

Töflur 7a til 7c sýna samsetningu hópsins eftir kyni. Eins og sjá má var ekki umtalsverður munur á kynjadreifingu meðal svarenda hjálparsamtakanna tveggja, Fjölskylduhjálpar Íslands og Hjálparstarfs kirkjunnar.

Nokkur munur var á aldursdreifingu svarenda eftir kyni, en meðalaldur kvenna var nokkuð lægri en karla (39 ár meðal kvenna og 45 ár meðal karla). Eins og sjá má í töflu 7a voru konur hlutfallslega fleiri en karlar í aldurshópnum 20-29 ára (25% á móti 9%) en karlar voru aftur á móti hlutfallslega fleiri á aldrinum 40-59 ára (58% á móti 37%). Þá voru hlutfallslega fleiri karlar en konur með pólskt ríkisfang (36% á móti 15%).

Menntunarstaða svarenda var sömuleiðis ólík eftir því hvort um karla eða konur var að ræða. Þannig höfðu hlutfallslega fleiri konur en karlar ekki lokið námi umfram grunnskóla (57% kvenna á móti 34% karla). Aftur á móti var stærri hluti karla en kvenna sem hafði lokið námi á framhaldsskólastigi (56% á móti 35%).

Í töflu 7b kemur fram að hlutfall einhleypra og þeirra sem höfðu misst maka sinn var mun hærra meðal kvenna (53%) en karla (37%). Aftur á móti var stærri hópur meðal karla en kvenna sem var giftur eða í sambúð (46% karla og 29% kvenna).

Mun hærra hlutfall karla en kvenna bjuggu einir (35% karla á móti 15% kvenna). Á hinn bóginn voru konur mun frekar einstæðir foreldrar en karlar (44% kvenna á móti 8% karla). Þá vekur athygli að hlutfallslega fleiri karlar (31%) en konur (10%) voru barnlausir og konur áttu að jafnaði fleiri börn en karlar.

Þá voru karlar líklegri en konur til að búa í leiguhúsnæði á almennum markaði (61% karla á móti 40% kvenna) og konur voru líklegri til að búa í félagslegu húsnæði en karlar (34% kvenna á móti 13% karla).

Í töflu 7c eru svör skjólstæðinga hjálparsamtakanna greind eftir kyni og stöðu á vinnumarkaði og tekjum. Eins og sjá má voru karlar í mun meira mæli atvinnulausir (64%) en konur (29%). Á hinn bóginn voru konur frekar öryrkjar en karlar (44% kvenna á móti 30% karla). Í samræmi við þessar niðurstöður svöruðu hlutfallslega fleiri karlar en konur því til að þeir þæðu atvinnuleysisbætur og mun fleiri konur en karlar því til að þær þæðu örorku- eða endurhæfingarlífeyri.

Þá vekur athygli að konur hafa húsaleigubætur til umráða í mun meira mæli en karlar (52% kvenna en 26% karla), sem og barnabætur, meðlag, barnalífeyri, mæðralaun og/eða fæðingarorlofsgreiðslur (61% kvenna á móti 18% karla).

Eins og sjá má á tekjuskiptingu karla og kvenna í hópi þeirra sem leituðu til hjálparsamtakanna þann 24. nóvember 2010 tilheyra karlar mun frekar lægsta tekjuhópnum en konur gera. Vel yfir helmingur karla, eða 57%, hafði tekjur undir 150 þúsund krónum undangenginn mánuð en hið sama gilti um þriðjung kvenna (33%). Aftur á móti voru konur frekar en karlar með 200 þúsund krónur eða hærri tekjur undangenginn mánuð (33% kvenna á móti 7% karla).

Tafla 7a. Hlutfall svarenda eftir kyni; skipt eftir margvíslegum bakgrunnspáttum

	Karlar		Konur		Alls	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Heild	139	100%	188	100%	327	100%
Nafn hjálparstofnunar þar sem spurt var						
Fjölskylduhjálp Íslands	105	76%	131	70%	236	72%
Hjálparstarf kirkjunnar	34	25%	57	30%	91	28%
Aldur						
Yngri en 20 ára	0	0%	7	4%	7	2%
20-29 ára	12	9%	45	25%	57	18%
30-39 ára	34	25%	47	26%	81	25%
40-49 ára	43	31%	42	23%	85	27%
50-59 ára	37	27%	26	14%	63	20%
60 ára og eldri	13	9%	14	8%	27	8%
Ríkisfang						
Íslenskt	77	56%	144	77%	221	68%
Pólskt	50	36%	29	15%	79	24%
Annað	11	8%	15	8%	26	8%
Búseta						
Reykjavík vestan Elliðaár og Seltjarnarnes	43	34%	34	19%	77	25%
Breiðholt	26	21%	49	27%	75	25%
Árbær, Grafarholt og Grafarvogur	14	11%	22	12%	36	12%
Kópavogur	16	13%	18	10%	34	11%
Garðabær, Hafnarfjörður og Álftanes	16	13%	34	19%	50	16%
Landsbyggð	11	9%	22	12%	33	11%
Menntun						
Grunnskólapróf/gagnfræðapróf/landspróf eða minna	45	34%	103	57%	148	47%
Nám á framhaldsskólastigi	75	56%	64	35%	139	44%
Nám á háskólastigi	14	10%	15	8%	29	9%
Fjöldi hjálparstofnana sem leitað er til						
Einungis ein	46	33%	91	48%	137	42%
Hugsanlega fleiri en ein	52	37%	26	14%	78	24%
Að minnsta kosti tvær	27	19%	57	30%	84	26%
Allar	14	10%	14	7%	28	9%

Tafla 7b. Hlutfall svarenda eftir kyni; skipt eftir margvíslegum bakgrunnspáttum

	Karlur		Konur		Alls	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Heild	139	100%	188	100%	327	100%
Hjúskaparstaða						
Einhleyp(ur) eða ekkja/ekkill	52	37%	99	53%	151	46%
Gift(ur) eða í (staðfestri) sambúð/samvist	64	46%	54	29%	118	36%
Fráskilin(n)	23	17%	33	18%	56	17%
Fjölskyldugerð						
Býr ein(n)	45	35%	27	15%	72	23%
Býr með maka	12	9%	9	5%	21	7%
Býr með maka og börnum	34	27%	38	21%	72	23%
Einstæð(ur) með börn	10	8%	80	44%	90	29%
Býr með foreldri/foreldrum eða öðrum en maka og börnum	19	15%	6	3%	25	8%
Býr með börnum og foreldri/foreldrum eða öðrum en maka	5	4%	13	7%	18	6%
Býr með maka, börnum og foreldri/foreldrum eða öðrum	2	2%	7	4%	9	3%
Fjöldi barna (þar með talin stjúp- og fósturbörn)						
Á ekki barn/börn	42	31%	19	10%	61	19%
1 barn	27	20%	39	21%	66	21%
2 börn	28	21%	50	28%	78	25%
3 börn	21	16%	36	20%	57	18%
4 börn eða fleiri	17	13%	38	21%	55	17%
Fjöldi barna 17 ára og yngri						
Ekkert barnanna undir 18 ára aldri	12	21%	16	11%	28	14%
1 barn	21	37%	51	36%	72	36%
2 börn	13	23%	46	32%	59	30%
3 börn eða fleiri	11	19%	29	20%	40	20%
Fjöldi í heimili						
1 í heimili	45	34%	27	15%	72	23%
2 í heimili	30	23%	38	21%	68	22%
3 í heimili	21	16%	56	31%	77	24%
4 í heimili	22	17%	32	18%	54	17%
5 í heimili eða fleiri	15	11%	29	16%	44	14%
Býrð þú í eigin húsnæði, leiguhúsnæði eða hjá öðrum?						
Í eigin húsnæði	24	18%	36	20%	60	19%
Í leiguhúsnæði á almennum markaði	82	61%	72	40%	154	49%
Í leiguhúsnæði í félagslega húsnæðiskerfinu eða á vegum	18	13%	62	34%	80	25%
Brynju - hússjóðs Öryrkjabandalagsins						
Annað	11	8%	12	7%	23	7%

Tafla 7c. Hlutfall svarenda eftir kyni; skipt eftir margvíslegum bakgrunnspáttum

	Karlur		Konur		Alls	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Heild	139	100%	188	100%	327	100%
Staða á vinnumarkaði						
Í launaðri vinnu	2	2%	19	10%	21	7%
Atvinnulaus	86	64%	52	29%	138	44%
Öryrki	40	30%	80	44%	120	38%
Heimavinnandi/í fæðingarorlofi	0	0%	6	3%	6	2%
Á eftirlaunum	2	2%	10	6%	12	4%
Annað	4	3%	15	8%	19	6%
Tekjur - Laun frá vinnuveitanda eða tekjur af eigin atvinnurekstri						
Já	4	3%	29	16%	33	10%
Nei	129	97%	153	84%	282	90%
Tekjur - Atvinnuleysisbætur eða fjárhagsaðstoð frá félagsþjónustu						
Já	84	63%	63	35%	147	47%
Nei	50	37%	119	65%	169	53%
Tekjur - Húsaleigubætur og/eða sérstakar húsaleigubætur						
Já	35	26%	95	52%	130	41%
Nei	99	74%	87	48%	186	59%
Tekjur - Örorðu- eða endurhæfingarlífeyrir TR eða dagpeningar úr sjúkrasjóði						
Já	40	30%	89	49%	129	41%
Nei	94	70%	93	51%	187	59%
Tekjur - Lífeyrissjóðsgreiðslur og/eða ellilífeyrir						
Já	14	10%	20	11%	34	11%
Nei	120	90%	162	89%	282	89%
Tekjur - Barnabætur, meðlag, barnalífeyrir, mæðralaun og/eða fæðingarorlofsgreiðslur						
Já	24	18%	111	61%	135	43%
Nei	110	82%	71	39%	181	57%
Tekjur - Á framfærslu fjölskyldu eða maka eða námslánnum eða aðrar tekjur en spurt er um						
Já	13	10%	35	19%	48	15%
Nei	121	90%	147	81%	268	85%
Heildartekjur fyrir skatt í síðasta mánuði						
Undir 150 þúsund krónur	68	57%	56	33%	124	43%
150-199 þúsund krónur	44	37%	56	33%	100	35%
200 þúsund krónur eða hærra	8	7%	56	33%	64	22%

Framfærslufé þeirra sem leituðu til Fjölskylduhjálpar Íslands og Hjálparstarfs kirkjunnar um matarúthlutun


Eins og fram hefur komið voru svarendur í könnuninni beðnir að gefa upp þær tekjur sem þeir hefðu sér til lífsviðurværis. Í töflum 5c, 6c og 7c má sjá niðurstöður um helstu tekjur svarenda en í þessum kafla verður gefin mynd af samsetningu framfærslufjár einstakra hópa, þ.e. atvinnulausra karla og kvenna og karla og kvenna sem eru öryrkjar, en ríflega fjórir af hverjum 5 svarendum (82%) tilheyrðu öðrum hvorum hópnum (sjá töflu 14 í viðauka 2). Þá verða tekjur svarenda einnig skoðaðar eftir algengustu fjölskyldugerðum, þ.e. meðal þeirra sem búa einir, þeirra sem búa með maka, þeirra sem búa með maka og börnum, sem og meðal einstæðra foreldra. Ríflega 4 af hverjum 5 svarenda (83%) tilheyrðu einhverjum þessara fjölskyldugerða (sjá töflu 8 í viðauka 2).

Á mynd 2 má sjá samsetningu framfærslufjár atvinnulausra karla og kvenna, en um 44% svarenda sögðust vera atvinnulausir. Til samanburðar má sjá tekjur allra svarenda. Eins og sjá má þáðu langflest atvinnulausra karla og kvenna atvinnuleysisbætur, eða á bilinu 84-88%. Þá má sjá að atvinnulausar konur þáðu mun frekar en karlar ýmsar tegundir bóta. Atvinnulausar konur þáðu til að mynda húsaleigubætur í mun meira mæli en atvinnulausir karlar (41% kvenna á mótí 17% karla) sem og ýmiskonar bætur sem lúta að umsjá barna, s.s. barnabætur (63% kvenna á mótí 16% karla) og meðlag (18% á mótí 2%). Heldur hærra hlutfall atvinnulausra kvenna en karla þáði fjárhagsaðstoð frá félagsþjónustu (18% á mótí 13%) eða reiddi sig á framfærslu frá fjölskyldu eða maka (14% á mótí 8%).

Ef fjöldi tegunda tekjutegunda atvinnulausra karla og kvenna er talinn kemur í ljós að konur höfðu alla jafna fleiri tegundir tekna en karlar. Þannig má til dæmis nefna að hlutfall atvinnulausra kvenna sem hefur 3 eða fleiri tegundir tekna er 46% samanborið við 11% atvinnulausra karla og séu tegundirnar 4 eða fleiri gildir það um 29% kvenna og 5% karla.


Mynd 3 sýnir tekjur karla og kvenna í hópi öryrkja, en um 38% svarenda sögðust vera öryrkjar. Langflestir í þessum hópi sögðust fá örorku- eða endurhæfingarlífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, eða 93% karla og 91% kvenna. Eins og sjá má höfðu konur í meira mæli en karlar ýmsar tegundir tekna til ráðstöfunar og lífsviðurværis. Til dæmis þáðu konur í hópi öryrkja mun frekar húsaleigubætur eða sérstakar húsaleigubætur en karlar (Húsaleigubætur: 69% á mótí 43%; sérstakar húsaleigubætur: 40% á mótí 23%). Hið sama gildir um ýmiskonar bætur sem lúta að umsjá barna, s.s. barnabætur (61% kvenna á mótí 13% karla) og meðlag (48% á mótí 3%), barnalífeyri (44% á mótí 8%) og mæðralaun (33% á mótí 0%). Hærra hlutfall kvenna en karla í hópi öryrkja þáði sömuleiðis fjárhagsaðstoð frá félagsþjónustu (8% á mótí 0%). Á hinn bóginn

fengu karlar í þessum hópi frekar lífeyrissjóðsgreiðslur en konur (20% karla á móti 11% kvenna) og voru frekar en þær ellilífeyrisþegar (8% karla á móti 0% kvenna).




Mynd 2. Hlutfall atvinnulausra karla og kvenna sem nefndi tiltekna tekjulindir sem þeir/þær hefðu sér til lífsviðurværis samanborið við svör allra. Nefna mátti fleiri en eitt atriði.

Svipaða sögu má segja um fjölda tekjutegunda karla og kvenna í hópi öryrkja og meðal atvinnulausra skjólstæðinga hjálparsamtakanna. Konur höfðu alla jafna úr að spila fleiri tekjutegundum en karlar. Þannig var hlutfall kvenna í hópi öryrkja sem hefur 3 eða fleiri tegundir tekna 73% samanborið við 43% karla og séu tegundirnar 4 eða fleiri gildir það um 63% kvenna og 13% karla í þessum hópi.



Mynd 3. Hlutfall karla og kvenna í hópi öryrkja sem nefndi tilteknar tekjulindir sem þeir/þær hefðu sér til lífsviðurværis samanborið við svör allra. Nefna mátti fleiri en eitt atriði.



Mynd 4. Hlutfall svarenda sem nefndi tiltekna tekjulindir sem þeir hefðu sér til lífsviðurværis; skipt eftir helstu fjölskyldugerðum. Nefna mátti fleiri en eitt atriði.

Á mynd 4 eru tekjutegundir svarenda greindar eftir helstu fjölskyldugerðum. Eins og sjá má var nokkur munur eftir fjölskyldugerð svarenda á því á hverju þeir byggðu afkomu sína á. Þeir sem höfðu börn á framfæri (einstæðir foreldrar og þeir sem bjuggu með maka og börnum) voru nær eingöngu þeir sem fengu húsaleigubætur (63-75%) eða sérstakar húsaleigubætur (17-34%). Þeir sem sögðust njóta ýmissa bótaúrræða sem tengjast því að hafa börn á framfæri voru einkum einstæðir foreldrar. Til að mynda fengu 69% einstæðra foreldra barnabætur samanborið við 0-7% hinna hópanna, 40% einstæðra foreldra fengu meðlag samanborið við 10-21% hinna hópanna og 34% barnalífeyri en enginn í hinum hópunum. Þeir sem áttu maka (býr með maka eða býr með maka og börnum) voru síður á atvinnuleysisbótum og örorkulífeyri en einstæðir foreldrar og þeir

sem bjuggu einir en aftur á móti voru þeir frekar á framfærslu fjölskyldu eða maka. Á bilinu 25-29% þeirra sem áttu maka voru á atvinnuleysisbótum samanborið við 47-69% hinna hópanna og 17-33% þeirra sem áttu maka fengu örorkulífeyri samanborið við 45-53% hinna hópanna. Meirihluti þeirra sem áttu maka (52-62%) var á framfærslu maka síns eða fjölskyldu en 20-29% hinna hópanna.

Fjöldi tekjulinda sem svarendur höfðu til framfærslu var mismunandi eftir fjölskyldugerð. Einstæðir foreldrar og hjón eða sambúðarfólk með börn virðast skera sig nokkuð úr að því leyttinu til að einstæðir foreldrar í þessum hópi hafa fleiri tegundir tekna en hinir hóparnir en hjón og sambúðarfólk með börn mun færri tekjulindir en gerist og gengur í hinum hópunum. Til að mynda er hlutfall einstæðra sem hefur 3 eða fleiri tegundir tekna 83% samanborið við 10-41% hinna hópanna, en hlutfallið er 10% meðal þeirra sem búa með maka og börnum. Sé hlutfall þeirra sem hefur 4 eða fleiri tekjulindir kemur í ljós að það gildir um 68% einstæðra foreldra en 4-19% hinna hópanna.

Helstu ástæður þess að fólk leitar til Fjölskylduhjálpar Íslands og Hjálparstarfs kirkjunnar um matarúthlutun

Í könnuninni voru þátttakendur spurðir um helstu ástæður þess að þeir leituðu til hjálparsamtakanna um matarúthlutun. Lesin voru upp nokkur atriði og mátti svarið nefna fleiri en eitt atriði. Í töflum 8a til 8c má sjá niðurstöður úr þessari spurningu greindar eftir margvíslegum bakgrunnspáttum. Eins og sjá má efst í töflu 8a voru flestir á því að lágar tekjur væru ein af meginástæðum þess að þeir leituðu eftir þessari aðstoð (72%), en einnig nefndu margir atvinnuleysi (42%), skuldavanda (41%) eða veikindi og heilsuleysi (30%) sem meginástæður þess að þeir leituðu til þessara samtaka um matarúthlutun.

Nokkur munur var á því hvaða atriði skjólstæðingar hjálparsamtakanna nefndu sem helstu ástæður þess að þeir sæktust eftir aðstoð þeirra að því leytinu til að skjólstæðingar Hjálparstarfs kirkjunnar nefndu frekar en skjólstæðingar Fjölskylduhjálpar Íslands veikindi og heilsuleysi (52% á móti 37%) sem og skuldavanda (46% á móti 24%) sem eina af meginástæðunum.

Karlar nefndu frekar en konur atvinnuleysi (56% á móti 30%) sem helstu ástæðu þess að þeir leituðu til hjálparsamtakanna um matarúthlutun en konur nefndu frekar lágar tekjur, skuldavanda og heilsuleysi sem helstu ástæðuna.

Séu ástæðurnar greindar eftir aldri svarenda má sjá að elsti hópurinn nefndi mun frekar en yngri þátttakendur lágar tekjur sem meginástæðu þess að þeir leituðu eftir aðstoðinni (89% á móti 60-75%) en þeir sem eru á aldrinum 20-39 ára nefndu veikindi og heilsuleysi fremur en aðrir (48-49% á móti 0-38%) sem meginástæðuna fyrir því að þiggja aðstoðina. Þeir sem eru á aldrinum 20-29 ára nefndu síður en þeir sem eldri og yngri voru að skuldavandi væri meginástæðan (18% á móti 20-40%). Þá nefndu þátttakendur á aldrinum 30-39 ára atvinnuleysi frekar sem meginástæðu en aðrir aldurshópar (54% á móti 19-46%).

Nokkur munur var sömuleiðis á meginástæðu þess að fólk leitaði til hjálparsamtakanna um matarúthlutun eftir ríkisfangi. Þannig nefndu Pólverjar mun frekar en Íslendingar og fólk með annað ríkisfang atvinnuleysi sem meginástæðuna (81% á móti 26-50%) en aftur á móti nefndu þeir mun síður en aðrir lágar tekjur, skuldavanda og veikindi sem meginástæðu þess að þeir leituðu eftir slíkri aðstoð.

Svo virðist sem íbúar í Árbæ, Grafarholti og Grafarvogi nefni lágar tekjur og skuldavanda frekar en íbúar annarra svæða í og utan Reykjavíkur sem meginástæðu þess að þeir leita til hjálparsamtakanna um matarúthlutun. Sömuleiðis nefna þeir ásamt landsbyggðarfólki frekar en aðrir veikindi og heilsuleysi sem meginástæðuna á meðan íbúar Kópavogs nefna atvinnuleysi hvað helst allra búsetusvæðanna sem meginástæðu aðstoðarinnar.

Um 9 af hverjum 10 þeirra sem ekki hafa lokið námi umfram grunnskóla nefna lágar tekjur sem helstu ástæðu þess að þeir sækjast eftir matarúthlutun. Hið sama gildir um 56-69% þeirra sem hafa lokið námi á framhaldsskóla- eða háskólastigi. Þeir sem ekki höfðu lokið námi umfram grunnskóla nefndu sömuleiðis frekar en aðrir skuldavanda og veikindi sem meginástæðuna en síður en hinir að atvinnuleysi væri meginástæðan (27% á mótí 45-56%).

Tafla 8a. Hlutfall svarenda sem nefndi tiltekið atriði sem helstu ástæðu þess að hann/hún leitaði til hjálparstakanna; skipt eftir margvíslegum bakgrunnspáttum. Nefna mátti fleiri en eitt atriði.

	Lágur tekjur	Skuldavandi	Veikindi/ heilsuleysi	Atvinnuleysi	Annað	Fjöldi svarenda
Heild	72%	41%	30%	42%	10%	318
Nafn hjálparstofnunar þar sem spurt var						
Fjölskylduhjálp Íslands	72%	24%	37%	42%	12%	236
Hjálparstarf kirkjunnar	73%	46%	52%	39%	4%	82
Kyn						
Karl	59%	20%	30%	56%	10%	133
Kona	82%	37%	50%	30%	10%	179
Aldur						
Yngri en 20 ára	60%	40%	0%	40%	0%	5
20-29 ára	74%	18%	49%	46%	9%	57
30-39 ára	65%	37%	48%	54%	14%	81
40-49 ára	75%	32%	38%	39%	11%	84
50-59 ára	68%	25%	35%	35%	10%	60
60 ára og eldri	89%	33%	33%	19%	4%	27
Ríkisfang						
Íslenskt	90%	37%	54%	26%	11%	215
Pólskt	21%	14%	3%	81%	5%	80
Annað	82%	18%	50%	50%	23%	22
Búseta						
Reykjavík vestan Elliðaár og Seltjarnarnes	68%	21%	35%	39%	17%	75
Breiðholt	77%	35%	41%	40%	7%	75
Árbær, Grafarholt og Grafarvogur	94%	51%	54%	29%	3%	35
Kópavogur	58%	39%	22%	58%	11%	36
Garðabær, Hafnarfjörður og Álftanes	75%	25%	46%	38%	8%	48
Landsbyggð	81%	16%	69%	38%	13%	32
Menntun						
Grunnskólapróf/gagnfræðapróf/landspróf eða minna	88%	40%	54%	27%	11%	147
Nám á framhaldsskólastigi	56%	19%	30%	56%	8%	142
Nám á háskólastigi	69%	28%	31%	45%	17%	29
Fjöldi hjálparstofnana sem leitað er til						
Einungis ein	88%	33%	54%	32%	12%	137
Hugsanlega fleiri en ein	28%	18%	12%	75%	5%	76
Að minnsta kosti tvær	80%	35%	42%	30%	9%	79
Allar	92%	27%	54%	27%	19%	26

Í töflu 8b má sjá niðurstöður um meginástæðu þess að svarendur leituðu til hjálparsamtakanna um matarúthlutun greindar eftir nokkrum þáttum tengdum fjölskyldugerð. Eins og sjá má nefndu einhleypir og fráskildir frekar en giftir og sambúðarfólk lágur tekjur eða skuldavanda sem meginástæðu þess að þeir óskuðu eftir aðstoð í formi matarúthlutunar (lágur tekjur: 77-81% á mótí 58%; skuldavandi: 32-38% á mótí 17%). Á hinn bóginn nefndu giftir og sambúðarfólk frekar en aðrir að atvinnuleysi væri meginástæða þessa (57% á mótí 33-34%).

Þeir sem búa einir og einstæðir foreldrar voru þeir sem nefndu hvað helst að lágur tekjur og skuldavandi væru meginástæður þess að þeir leituðu til hjálparsamtakanna um aðstoð. Þeir sem eiga maka (býr með maka, býr með maka og börnum, býr með maka, börnum og foreldri/foreldrum eða öðrum) og búa með foreldrum eða öðrum en maka og börnum nefndu oftar en aðrir að atvinnuleysi væri meginástæða þess að þeir leituðu eftir aðstoðinni.

Svo virðist sem þeir sem eiga fleiri börn nefni frekar en þeir sem eiga færri börn lágur tekjur, skuldavanda og veikindi eða heilsuleysi sem meginástæðu þess að þeir leiti til hjálpar-samtakanna eftir matarúthlutun. Á hinn bóginn nefndu þeir sem eiga færri börn frekar að atvinnuleysi væri meginástæðan. Sé litið til þess hversu mörg barnanna eru undir 18 ára aldri er niðurstaðan ekki eins skýr.

Þeir sem búa í eigin húsnæði eða í leiguhúsnæði á vegum félagslega húsnæðiskerfisins eða Öryrkjabandalagsins nefndu frekar en þeir sem búa í leiguhúsnæði á almennum markaði að lágur tekjur og heilsuþættur væru meginástæður þess að þeir leituðu eftir matarúthlutun. Þeir sem búa í leiguhúsnæði á almennum markaði nefndu hins vegar frekar að atvinnuleysi væri meginástæðan.

Í töflu 8c eru ástæður þess að fólk leitar til hjálparsamtaka um matarúthlutun greindar eftir stöðu á vinnumarkaði og tekjum. Þegar ástæðurnar eru greindar eftir stöðu á vinnumarkaði má sjá að allir hópar aðrir en atvinnulausir nefna lágur tekjur sem meginástæðu þess að þeir leituðu til hjálparsamtakanna. Öryrkjar nefndu einnig skuldavanda í meira mæli en aðrir sem meginástæðu og fólk á vinnumarkaði og öryrkjar nefndu veikindi og heilsuleysi í meira mæli en aðrir hópar. Ekki kemur á óvart að atvinnulausir voru þeir sem nefndu hvað oftast atvinnuleysið sem meginástæðu þess að þeir leituðu eftir aðstoðinni.

Þeir sem hafa einhver laun sér til lífsviðurværis nefndu frekar en hinir að lágur tekjur og veikindi eða heilsuleysi væri meginástæðan þess að þeir leituðu til hjálparsamtakanna um matarúthlutun á meðan að þeir sem þáðu atvinnuleysisbætur eða fjárhagsaðstoð frá félagsþjónustu nefndu frekar atvinnuleysi sem meginástæðuna. Þeir sem fá húsaleigubætur, örorku- eða endurhæfingarlífeyri TR eða dagpeninga úr sjúkrasjóði nefndu í meira mæli en aðrir lágur tekjur,

Tafla 8b. Hlutfall svarenda sem nefndi tiltekið atriði sem helstu ástæðu þess að hann/hún leitaði til hjálparsamtakanna; skipt eftir margvíslegum bakgrunnspáttum. Nefna mátti fleiri en eitt atriði.

	Lágar tekjur	Skuldavandi	Veikindi/ heilsuleysi	Atvinnuleysi	Annað	Fjöldi svarenda
Heild	72%	41%	30%	42%	10%	318
Hjúskaparstaða						
Einhleyp(ur) eða ekkja/ekkill	81%	38%	44%	33%	9%	147
Gift(ur) eða í (staðfestri) sambúð/samvist	58%	17%	39%	57%	10%	115
Fráskilin(n)	77%	32%	38%	34%	13%	56
Fjölskyldugerð						
Býr ein(n)	78%	32%	29%	34%	15%	73
Býr með maka	57%	24%	19%	48%	10%	21
Býr með maka og börnum	61%	19%	41%	57%	7%	70
Einstæð(ur) með börn	84%	46%	57%	26%	7%	91
Býr með foreldri/foreldrum eða öðrum en maka og börnum	60%	16%	32%	64%	4%	25
Býr með börnum og foreldri/foreldrum eða öðrum en maka	84%	21%	42%	37%	11%	19
Býr með maka, börnum og foreldri/foreldrum eða öðrum	56%	22%	56%	56%	33%	9
Fjöldi barna (þar með talin stjúp- og fósturbörn)						
Á ekki barn/börn	61%	23%	25%	51%	5%	61
1 barn	67%	27%	38%	46%	17%	66
2 börn	73%	30%	44%	48%	10%	79
3 börn	75%	27%	44%	31%	11%	55
4 börn eða fleiri	86%	40%	55%	26%	7%	55
Fjöldi barna 17 ára og yngri						
Ekkert barnanna undir 18 ára aldri	93%	40%	60%	23%	0%	30
1 barn	73%	29%	39%	41%	6%	70
2 börn	80%	37%	59%	39%	14%	59
3 börn eða fleiri	77%	28%	62%	36%	10%	39
Fjöldi í heimili						
1 í heimili	78%	32%	29%	34%	15%	73
2 í heimili	73%	29%	36%	36%	4%	69
3 í heimili	71%	36%	49%	47%	10%	78
4 í heimili	67%	21%	42%	52%	10%	52
5 í heimili eða fleiri	73%	27%	55%	39%	9%	44
Býrð þú í eigin húsnæði, leiguhúsnæði eða hjá öðrum?						
Í eigin húsnæði	83%	23%	58%	30%	12%	60
Í leiguhúsnæði á almennum markaði	53%	20%	28%	58%	10%	154
Í leiguhúsnæði í félagslega húsnæðiskerfinu eða á vegum	95%	53%	52%	19%	5%	81
Brynju - hússjóðs Öryrkjandalagsins						
Annað	87%	26%	44%	39%	26%	23

Tafla 8c. Hlutfall svarenda sem nefndi tiltekið atriði sem helstu ástæðu þess að hann/hún leitaði til hjálparsamtakanna; skipt eftir margvíslegum bakgrunnspáttum. Nefna mátti fleiri en eitt atriði.

	Lágar tekjur	Skuldavandi	Veikindi/ heilsuleysi	Atvinnuleysi	Annað	Fjöldi svarenda
Heild	72%	41%	30%	42%	10%	318
Staða á vinnumarkaði						
Í launaðri vinnu	83%	28%	56%	0%	6%	18
Atvinnulaus	45%	13%	25%	79%	9%	140
Öryrki	93%	50%	56%	16%	12%	122
Heimavinnandi/í fæðingarorlofi	83%	0%	0%	33%	17%	6
Á eftirlaunum	100%	17%	25%	0%	0%	12
Annað	100%	42%	74%	5%	21%	19
Tekjur - Laun frá vinnuveitanda eða tekjur af eigin atvinnurekstri						
Já	87%	29%	55%	10%	13%	31
Nei	70%	30%	40%	45%	9%	286
Tekjur - Atvinnuleysisbætur eða fjárhagsaðstoð frá félagsþjónustu						
Já	49%	15%	28%	72%	7%	149
Nei	92%	42%	53%	15%	13%	169
Tekjur - Húsaleigubætur og/eða sérstakar húsaleigubætur						
Já	88%	42%	50%	28%	8%	131
Nei	61%	21%	35%	51%	11%	187
Tekjur - Örorku- eða endurhæfingarlífeyrir TR eða dagpeningar úr sjúkrasjóði						
Já	93%	50%	56%	15%	13%	131
Nei	57%	15%	31%	60%	8%	187
Tekjur - Lífeyrissjóðsgreiðslur og/eða ellilífeyrir						
Já	94%	41%	38%	9%	3%	34
Nei	69%	28%	41%	45%	11%	284
Tekjur - Barnabætur, meðlag, barnalífeyrir, mæðralaun og/eða fæðingarorlofsgreiðslur						
Já	79%	34%	59%	36%	11%	133
Nei	67%	27%	28%	45%	10%	185
Tekjur - Á framfærslu fjölskyldu eða maka eða námslánum eða aðrar tekjur en spurt er um						
Já	74%	29%	37%	47%	10%	49
Nei	72%	30%	42%	41%	10%	269
Heildartekjur fyrir skatt í síðasta mánuði						
Undir 150 þúsund krónur	63%	21%	31%	63%	11%	128
150-199 þúsund krónur	81%	35%	46%	29%	7%	98
200 þúsund krónur eða hærra	84%	42%	55%	23%	15%	62

skuldavanda og heilsubrest sem meginástæður þess að þeir þæðu aðstoð hjálparsamtakanna. Hið sama gildir um þá sem fá barnabætur, meðlag, barnalífeyri, mæðralaun og/eða fæðingarorlofsgreiðslur. Þeir sem fá greiðslur úr lífeyrissjóðum og ellilífeyrisþegar nefndu helst lágar tekjur og skuldavanda sem meginástæðuna og þeir sem eru á námslánum eða framfærslu



fjölskyldu eða hafa aðrar tekjulindir en spurt var um nefndu einkum lágar tekjur sem helstu ástæðu þess að þeir óskuðu eftir matarúthlutun hjálparsamtakanna.

Þeir sem höfðu tekjur undir 150 þúsund krónum fyrir skatt undangenginn mánuð nefndu frekar en þeir sem höfðu hærri tekjur að atvinnuleysi væri meginástæða þess að þeir leituðu til hjálparsamtakanna um matarúthlutun en síður að lágar tekjur, skuldavandi og heilsubrestur væri meginvandinn.

Athugasemdir viðmælenda í könnuninni til yfirvalda velferðarmála eða til hjálparsamtakanna

Í viðauka 1 er að finna niðurstöður úr opinni spurningu í könnuninni þar sem svarendum var boðið að koma athugasemdum á framfæri til yfirvalda velferðarmála eða til hjálparsamtakanna. Í viðaukanum eru svörin flokkuð eftir innihaldi og ríkisfangi svarenda.

Í þessum athugasemdum kom fram að margir, bæði Íslendingar og Pólverjar, voru þakklátir hjálparsamtökunum. Margir þátttakenda vildu koma því á framfæri til stjórnvalda að nauðsynlegt væri að hækka bætur, auka úrræði og sumir orðuðu það þannig að þeir vildu að ráðamenn færu að „vinna vinnuna sína“. Nokkrir töldu að gott væri fyrir ráðamenn að koma og finna það á eigin skinni hvernig væri að standa í biðröðinni eftir matarúthlutun hjálparsamtakanna.

Margir Íslendinganna bentu á að bæta mætti aðstöðuna við úthlutun, einkum þannig að fólk þyrfti ekki að standa lengi í biðröð. Í máli þeirra kom fram að bið í biðröð eftir matarúthlutum væri einkum erfið þegar veðrið væri slæmt og þegar börn væru með í för. Sumir nefndu sömuleiðis að slíkar biðraðir væru niðurlægjandi. Í þessu sambandi bentu margir á að mun betri kostur væri að deila út matarmiðum. Þá kom fram að næringargildi þeirra matvæla sem væri úthlutað væri ekki nægilega gott og að úrval mætti vera meira. Pólverjar nefndu einnig að biðröðin væri of löng, þakkarnir of litlir og að úrval mætti vera meira.

Athygli vekur að athugasemdir sem tengjast þjóðerni komu fram bæði meðal Íslendinga og Pólverja. Nokkrir Íslendingar töldu til dæmis að nokkuð væri um að fólk þæði matarúthlutun sem ekki ætti að fá slíka aðstoð og sögðu að það þyrfti að „grisja úr hópnum“. Í þessu samhengi nefndu sumir að réttur Íslendinga væri skertur vegna aðstoðar við útlendinga.

Þá var áberandi hve margir Pólverjanna töldu sig finna fyrir fordómum í tengslum við matarúthlutanirnar. Þó nokkrir töluðu um að mismunur væri í úthlutuninni. Þeir töldu þannig Íslendinga fá öðruvísi og betri matarþakka en þá sjálfa.

Þótt einungis sjö þátttakendur af öðru þjóðerni en íslensku eða pólsku hafi kosið að koma með ábendingar þá vekur athygli að enginn þeirra minnst á kynþáttamismunun eins og margir Pólverjanna gerðu.

VIÐAUKI I

Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri til yfirvalda velferðarmála eða til hjálparsamtakanna?

Í lok könnunarinnar var svarendum boðið að koma athugasemdum á framfæri til yfirvalda velferðarmála eða til hjálparsamtakanna í opnu svari. Niðurstöður úr þessari spurningu hafa verið flokkaðar eftir innihaldi athugasemdanna og ríkisfangi svarenda.

Niðurstöður

Þakklæti - Íslendingar

Nokkrir þátttakendur nýttu tækifærið til að lýsa yfir þakklæti með starf hjálparsamtakanna þegar þeir voru spurðir hvort þeir vildu koma einhverju frekar á framfæri.

- Bara þakka fyrir þetta. Annars gæti maður ekki borðað
- Broskall
- Er mjög ánægð með störf hjálparsamtakanna og þakklát sjálfboðaliðum sem starfa þar
- Frábært hvernig verið er að hjálpa. Er mjög þakklát fyrir hjálpina
- Hjálparsamtökin eru að gera gott starf
- Vil þakka hjálparsamtökunum
- Vil þakka hjálparsamtökunum fyrir hjálpina
- Vill koma þökkum sínum til hjálparsamtaka
- Þakkar ofsalega vel fyrir sig!
- Þakkir fyrir að hjálparsamtökin séu að bjóða upp á þetta
- Þakklát fyrir starf hjálparsamtakanna
- Þakklát fyrir veitta aðstoð en sporin eru erfið
- Þakklæti fyrir vel unnin störf

Úrræði vantar. Hækka bætur, hækka laun og gera eitthvað í málunum - Íslendingar

Einn svarandi taldi „að menn væru á réttari leið, þetta tæki allt sinn tíma“ en flestir þátttakenda voru með skilaboð til stjórnvalda um að það þyrfti að hækka bætur, auka úrræði og að ráðamenn færu að „vinna vinnuna sína“. Nokkrir svarendur vildu sjá ráðamenn koma og standa í röðinni til að finna sjálfir hvernig það væri.

-
- Að fólk nái endum saman
 - Að koma sér burt (stjórnvöld)
 - Að ráðherrar og aðrir þingmenn og borgarstjórn mæti á staðinn og sjái hvernig ástandið á fólkinu í landinu er. Ekki bara koma með innantóm orð, mæta-sjá-og upplifa
 - Alþingismenn komi í röðina og beri poka fólksins
 - Auka styrki til láglaunafólks
 - Auka vinnuframboð
 - Aukin fjárhagsaðstoð
 - Á hverju á maður að lifa?
 - Biðraðir við hjálparstofnanir myndu minnka ef laun ellilífeyrisþega og öryrkja myndu hækka en þau eru til skammar. Of erfitt að fá gert við í félagsbúðum, mjög léleg þjónusta
 - Bæta aðstöðu skuldara og þeirra sem eru á atvinnuleysisbótum, Auka aðstoð ríkisins.
 - Bæta kjör öryrkja
 - Einstæðir karlmenn fá enga hjálp. Vantar úrræði fyrir þá. Viðhorfið er oft þannig að einstæðir karlmenn sem þurfa tímabundna aðstoð eigi að redda sér. Þetta ýtir undir svarta atvinnustarfsemi.
 - Fá aðstoð í Reykjanesbæ - kirkjan afmarkar svo mikið
 - Fokking reið yfir ástandinu
 - Fólk á að hafa næg laun til að geta lifað, sú er ekki raunin í dag
 - Frjáls skotveiði á alþingismenn
 - Gera e-ð í málunum!!!
 - Góðærið bitnar á mér - matvara hækkað alltof mikið
 - Hefur komið hingað í svoltinn tíma og sér röðina stækka í hvert sinn sem hún kemur aftur. Ekki í boði
 - Hjálp! Þetta er ekki hægt - við erum að drukkna
 - Hjálpa fólki betur sem á við bág kjör
 - Hjálpa heimilunum og lækka skatta og hækka laun
 - Hjálpa meira, endurskipuleggja, hækka örorkulaun
 - Huga betur að öryrkjum
 - Hvernig á að lifa á 30þús á mánuði?
 - Hækka almennar bætur, styðja við bakið á þeim verst stöddu í þjóðfélaginu þannig að fólk þurfi ekki að koma og leita sér hjálpar
 - Hækka bætur
 - Hækka bætur og lækka laun
 - Hækka bætur, barn þarf á ýmiskonar aðstoð en engin aðstoð frá Tryggingastofnun
-

-
- Hækka bætur og félagsþjónustu
 - Hækka bætur/lækka skatta
 - Hækka bæturnar verulega, hækka framfærslu, skattar og gjöld hækka en ekki laun og bætur. Það er ekki hægt að ná endum saman ef maður er 100% öryrki. Þetta verða erfið jól.
 - Hækka laun
 - Hækka laun hjá lágtekjufólki, þannig að fólk geti náð endum saman. T.d. er meðalakostnaður alltof hár
 - Hækka laun hjá öryrkjum
 - Hækka laun öryrkja
 - Hækka laun, lækka skatta
 - Hækka lágmarksframfærslu
 - Hækka lágmarksframfærslu - lækka skatta - Bæta úrræði v/húsnæðisvanda - Hækka húsaleigubætur - lækka gjöld fyrir frístundaheimili og leikskóla
 - Hækka lágmarkslaun
 - Hækka lágmarkslaun. Hækka skattleysismörk í 200.000 til að fólk þurfi ekki að standa í svona röð
 - Hækka tekjur
 - Hækka tekjur, það lifir enginn á þessum tekjum með börn. Dugar skammt
 - Hækka þarf lágmarksframfærslu, það er ekki hægt að lifa af örorkulífeyri.
 - Hækka örorkubætur
 - Hækka örorkubætur!!
 - Hærri húsaleigubætur, bæta aðstöðu skuldara og þeirra sem eru á atvinnuleysisbótum, auka aðstoð ríkisins
 - Hætta að hækka skatta, hætta að skera niður örorku
 - Koma þeim sem standa höllum fæti til hjálpar og standa við það sem lofað hefur verið
 - Koma betra skipulagi á hjálparstarf
 - Koma upp kerfi þar sem hægt væri að kaupa notaðar barna-nauðsynjavörur í góðu ásigkomulagi á viðráðanlegu verði, sem og nýja skó því notaðir skór fara illa með fætur. Einnig má afnema virðiskaukaskatt á þessum vörum.
 - Laga ástandið
 - Laga ástandið!
 - Lágmark átti að vera til fyrir framfærslu. Að fólk hafi fyrir mat og hútaskjól er lágmark
 - Lágmarkslaun og bætur ættu að hækka
 - Lágmarksframfærsla alltof lág
 - Lækka gjöld fyrir vistun barna. Hækka lágmarksframfærslu.
-

-
- Lækka skatta
 - Meðlagið lítið og erfitt að ná endum saman. Væri gott að gera farið til tannlæknis t.d.
 - Meiri tekjur, geta selt íbúðina og minnkað við sig
 - Minnka skatta, meiri vinnu
 - Mjög lágt sem öryrkjar fá. Hef farið í kirkjuna. Mætti gera allt betur
 - Mætti hækka atvinnuleysisbætur um 30-40 þús á mán svo ég þurfi ekki að standa í röð
 - Mætti hækka bætur, bæta aðstöðu hjá hjálparsamtökum (sem eru þó að standa sig að mörgu leyti vel)
 - Næ ekki endum saman, hærri tekjur
 - Óska þess að ellilífeyririnn væri hærri
 - Reyna að koma atvinnumálum í lag
 - Reyna að koma þessu í lag
 - Reyna hjálpa þeim sem þurfa á aðstoð að halda
 - Setja þjófana í járn
 - Skilaboð hennar til stjórnvalda er að þau þurfi að fara að gera eitthvað fyrir fólk
 - Stjórnvöld eiga að byrja að vinna vinnuna sína!
 - Stjórnvöld eiga að fara að vinna vinnuna sína, bæta vinnumarkaðinn
 - Skipta um ríkisstjórn strax og stokka upp í ráðuneytum líka. Nýtt fólk inn
 - Slæmt ástand, á bara 40 þús eftir þegar búið er að greiða allt. Vill láta afnema verðtryggingu á lánum. Hún hækkar stöðugt meira
 - Súrt að verið sé að skerða tekjur þeirra sem lægst hafa launin, þessu verði að breyta
 - Útrýma fátækt, öryrkjar fátækir og það ekki eðlilegt. Get ekki unnið vegna örorku. Ekki stimpla öryrkja fátæka
 - Útlendingar sem eru menntaðir úti ættu að fá sérstök úrræði. Búin að klára háskólanám úti og læra íslensku við HÍ en fá ekki vinnu sem samræmist menntun. Yfirvöld ættu að gefa svör fyrir fólk í svona aðstæðum
 - Útrýma þessu, kort, úrval hvað getur keypt, hækka bæturnar. Kkoma einhverju í gang. Herrar á alþingi ættu að koma og bíða í röð
 - Vantar meiri aðstoð út á landi
 - Verður að hætta að tala um hlutina, fá stjórnámamenn til að mæta í röðina. Viðmælandi var lagður inná spítala vegna næringarskorts
 - Vill að öryrkjum og einstæðum mæðrum sé hjálpað meira - t.d. 3svar í viku m/lyf, bensín og mat
 - Vinstri velferð hvað? Sífelld hækking lyfjaverð. Dregið af bótum. Aukaskattþrep slæm fyrir öryrkja. Hver þúsundkall skiptir máli!
-

- Hafa örorkubætur sem hægt er að lifa á!
- Yfirvöld þurfa að taka sér tak og gera eitthvað
- Yfirvöld velferðarmála eru alls ekki að standa sig í stykkinu
- Það á ekki að þurfa að leita til hjálparstofnana. Örorkubætur eiga að duga til að ná endum saman, en þær gera það ekki
- Það er ekki hægt að lifa á þessari framfærslu! Öryrkjar þurfa alltaf frekari aðstoð miðað við þessa framfærslu
- Það mætti vera meira
- Það verður að hækka framfærsluna og hún verður að vera 200 þús krónur að lámarki
- Það verður að hækka lífeyrinn til að hægt sé að lifa af þessum tekjum
- Það þarf að gera e-ð, grandskoða tekjutengdar bætur. Afnema tekjutengingarnar
- Það þarf að hækka framfærsluna. Eftir hrún geta öryrkjar ekki náð endum saman
- Það þarf að nota fólk - til að hjálpa. Vilja ekki sitja heima og gera ekkert
- Þarf að borga mér hærri laun
- Þarf að bæta laun hjá öldruðum og öryrkjum
- Þarf að lækka verðlag
- Þarf hærri laun
- Þetta ætti ekki að vera til. Tekjur fólks ættu að vera nóg til að komast af. Óréttmætt kerfi
- Þyrfti aðstoð við að selja eigin eign, sem er of stór til að leigja minna
- Þörf á aukinni fjárhagsaðstoð fyrir einstæðar mæður
- Örorkubætur of lágar, ekki hægt að ná endum saman
- Örorkulífeyrir er alltof lágur
- Öryggisleysi/kvíði vegna þess að alþingi stendur aldrei við neitt af því sem það lofar uppí ermina á sér gagnvart öryrkjum sbr. skerðingar, lágur tekjur, framfærslu og hár lyfjakostnaður

Bæta aðstöðuna - Íslendingar

Margir Íslendinganna komu með ábendingar um að bæta mætti aðstöðuna við úthlutun og þá sérstaklega að ekki þyrfti að bíða röð. Fyrir utan hvað það þykir óþægilegt vegna slæms veðurs eða vegna barna í fylgd með fullorðnum minntust nokkrir á að það væri niðurlægjandi. Í þessu sambandi bentu margir á að mun betri kostur væri að deila út matarmiðum.

- Að fólk þurfi ekki að standa í kulda, betra kerfi - hækka laun
- Aðstoða til að úthluta mat bætt - taka upp nýtt kerfi s.s. matarkort
- Asnalegt að fólk standi í röð og það mætti flokka fólk eftir aðstæðum

- Á ekki að þurfa að bíða í röð, ættu að vera kort/ávísanir í búðir
- Á ekki að þurfa að standa í röð
- Betra húsnæði fyrir úthlutunina - fólk á ekki að þurfa að standa úti. Betra að fá pening/matarmiða, hækka framfærsluna
- Breyta kerfinu þannig að það væri útteilt matarkortum svo fólk þurfi ekki að bíða í röð
- Bæta aðstöðuna. Losna við biðraðir (úti)
- Bæta aðstöðuna. Losna við biðraðir
- Ekki hægt að bjóða fólki uppá það að standa úti í alls konar veðri að bíða eftir úthlutun
- Fá matarmiða í stað þess að standa í röð
- Fáranlegt að láta fólk standa í röð, verið að brjóta á mannréttindum fólks. Fólk verður veikt og annað!!!
- Fólk á ekki að þurfa að standa í röð. Sumarhjálp í Hafnarfirði var sniðug. Peningur lagður inn á reikning og fólk gat verslað sjálft sem vildi versla. Sumir komast ekki vegna veikinda og það má ekki taka fyrir aðra
- Frekar matarmiðar
- Fólk á ekki að þurfa að bíða í biðröð eftir mat
- Frekar matarmiða en að standa í röð
- Hafa aðgengi betra, t.d. að það sé hægt að ganga inn og út annars staðar en þurfa ekki troða sér inn og aftur troða sér út í gegnum mannfjöldann þar sem hann bíður í röð
- Hlúa betur að þeim sem bíða eftir aðstoð, matarkort
- Fækka biðröðum - rafrænt. Fá kort fyrir úthlutanir svo að ekki þurfi að bíða svona lengi
- Get ekki staðið í biðröð v/veikinda. Mætti frekar gefa 5000 kr. kort frekar en mat í poka. Fólk á ekki að þurfa bíða í röð
- Knýja fram matarmiða/matarkort. Horfa til annarra landa
- Koma á matarmiðum
- Koma frekar á kerfi með matarkortum en þessum biðröðum
- Kort til að fara í matvöruverslanir
- Kort til að geta valið, ekki bíða í röð. Stundum nokkrar vörur búnar
- Laga aðstöðu þeirra sem bíða eftir matarúthlutunum
- Mætti gera betur svo fólk þurfi ekki að standa í röð
- Mætti vera á hverjum degi, ekki örtröð þá
- Mætti vera kort eða önnur lausn til þess að koma í veg fyrir biðraðir. Fullt af gömlu fólki sem treystir sér ekki að mæta í þessum kulda. Betra húsnæði
- Möguleiki á að gefa fólki frekar inneign í verslun fyrir mat, væri betra að versla sjálfur

- Niðurlægjandi að þurfa að standa í röð og koma ætti á rafrænu skipulagi eins og Elín Hirst minntist á
- Reyna að útrýma biðröðum við matargjöf, finna önnur ráð. Ef enginn önnur ráð þá þarf ríkisstjórnin að víkja. Ekkert hefur breyst sl. 2 ár
- Skömm að því að fólk þurfi að bíða í röðum eftir mat
- Sleppa röðum - dreifa matarmiðum
- Tímafrekt að standa í röð, hentar ekki með börn
- Úthluta frekar úttektarkortum heldur en láta fólk standa í röð (er í öðrum löndum þannig)
- Vil fá aðstoð í öðru formi, ekki standa hérna úti. Niðurlægjandi
- Yfirvöld mega skaffa betra húsnæði fyrir hjálparsamtök. Hafa rýmri tíma þannig að myndist ekki eins mikil röð
- Það er niðurlægjandi að þurfa að standa í röð og bíða eftir mat
- Það væri betra að bjóða fólki upp á inneignarnótur í búðum þar sem það gæti valið matvöru sjálft og losnað við að standa í röð til að fá aðstoð
- Ætti ekki að vera röð, frekar oftár í viku - væri betra að fá Bónus ávísun

Næringargildi og úrval matarúthlutunar mætti vera betra - Íslendingar

Þá var minnst á að næringargildi matarúthlutunarinnar væri ekki nægilega gott og að úrval mætti vera meira.

- Allt of lítið skammtað
- Auka úrval matar
- Auka úrval matar
- Hjálpa fólki sem er með mikið af börnum, þau þurfa meiri mat en fullorðnir
- Næringargildi ábótavant, minna af kolvetnum, meiri ávextir og grænmeti
- Næringarríkari mat í úthlutun, barnafólk ætti að fá meira. Sitthvor dagur fyrir barnafólk. Allir þegar ættu að vera eins en meira fyrir fjölskyldur

Viðhorf til útlendinga - Íslendingar

Þá minntust nokkrir á að í röðinni væri fólk sem ætti ekki heima þar og því þyrfti að „grisja úr hópnum“. Sumir töldu að réttur Íslendinga væri skertur vegna aðstoðar við útlendinga.

- Af hverju er útlendingum ekki vísað úr landi og Íslendingum hjálpað. Útlendingar eru mikið á atvinnuleysisskrá
- Allt of lítið gert fyrir Íslendinga, þeir einbeita sér að útlendingum

- Hjálpa Íslendingum meira. Mikið af erlendu fólki hér sem er kannski með vinnu. Erfitt að koma hingað - ekki létt spor
- Óþægilegt stundum að nær aðeins útlendingar eru í röðinni
- Óréttlátt hversu mikið af útlendingum fá hjálp og því fá Íslendingar minni hjálp
- Það þarf að grisja úr hópnum, sumir eiga ekki að vera hér

Þakklæti - Pólverjar

Nokkrir pólskir svarendur (19 talsins) nýttu tækifærið til að lýsa yfir þakklæti með starf hjálparsamtakanna og sögðust ánægðir með aðstoðina þegar þeir voru spurðir hvort þeir vildu koma einhverju frekar á framfæri.

Þjóðernismismunun - Pólverjar

Þá var áberandi hve margir Pólverjanna töluðu um að þeir finndu fyrir kynþáttamismunun. Þó nokkrir töluðu um að mismunun væri í úthlutuninni. Þeir töldu þannig Íslendinga fá öðruvísi og betri pakka en þá sjálfa.

- Mismunun - öðruvísi aðstoð fyrir Íslendinga og allt annað fyrir Pólverja
- Verri pakkar fyrir Pólverja
- Það eru öðruvísi pakkar fyrir Íslendinga, þau fá meira.
- Hætta rasisma
- Hætta rasisma
- Rasismi
- Rasismi
- Rasismi
- Rasismi og dónaskapur
- Hætta rasisma, jöfn aðstoð fyrir alla. Athuga einnig með meðlag sem er sent út til Póllands
- Mismunun, Pólverjar fá úthlutað bara á tveggja vikna fresti, öðruvísi pakkar fyrir Íslendinga
- Óréttlæti
- Verri pakkar

Aðstaða og úthlutun - Pólverjar

Pólverjarnir minnstust einnig á að biðröðin væri of löng, pakkarnir of litlir og að úrval mætti vera meira.

- Kalt

- Lengi í biðröð
- Löng biðröð
- Mismunandi vörur, meira úrval, vantar meiri ávexti og grænmeti
- Of litlir pakkar
- Of löng biðröð

Annað - Pólverjar

- Henni var tjáð hjá Mæðrastyrksnefnd að hún fengi ekki aðstoð þar vegna þess að hún fengi atvinnuleysisbætur. Þetta finnst henni ekki í lagi og kom þess vegna til kirkjunnar
- Hærri bætur
- Vantar aðstoð við að borga húsaleigu



Meiri úrræði - Önnur þjóðerni

Þótt einungis sjö þátttakendur af öðru þjóðerni en íslensku eða pólsku hafi kosið að koma með ábendingar þá er áhugavert að enginn þeirra minnst á kynþáttamismunun eins og margir Pólverjanna gerðu.



- Bjarga atvinnumálunum, styðja betur við erlent fólk í atvinnuleit
 - Félagsþjónustan eigi að benda fólki á úrræði eins og Mæðrastyrksnefnd o.þ.h.
 - Meiri hjálp fyrir einstæða feður
 - Þau eru að standa sig mjög vel. Passa sig á fólki sem misnotar kerfið. Það er fullt af þannig fólki!
 - Áframhaldandi hjálp
 - Gera betur, fá hærri laun til að lifa. Launin/bæturnar ekki nógu háar
 - Erfitt að vera einstæð með 3 börn, þyrfti meiri hjálp
-

VIÐAUKI II







Tafla 1. Nafn hjálparsamtaka þar sem spurt var

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Svör			
Fjölskylduhjálp Íslands	240	72,1%	 72,1%
Hjálparstarf kirkjunnar	93	27,9%	 27,9%
Alls	333	100%	




Tafla 2. Kyn svarenda

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Svör			
Karl	139	42,5%	 42,5%
Kona	188	57,5%	 57,5%
Fjöldi	327		
Vantar upplýsingar	6		
Alls	333	100%	

Tafla 3. Aldur svarenda

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Svör			
Yngri en 20 ára	7	2,1%	 2,1%
20-29 ára	58	17,8%	 17,8%
30-39 ára	83	25,5%	 25,5%
40-49 ára	87	26,7%	 26,7%
50-59 ára	64	19,6%	 19,6%
60 ára eða eldri	27	8,3%	 8,3%
Fjöldi svara	326	100%	
Svarar ekki	7		
Alls	333		

Tafla 4. Ríkisfang svarenda

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Svör			
Ísland	225	67,8%	 67,8%
Pólland	81	24,4%	 24,4%
Annað	26	7,8%	 7,8%
Fjöldi svara	332	100%	
Svarar ekki	1		
Alls	333		

Tafla 5. Búseta svarenda

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Svör			
Reykjavík vestan Elliðaár og Seltjarnarnes	80	25,7%	25,7%
Breiðholt	76	24,4%	24,4%
Árbær, Grafarholt og Grafarvogur	36	11,6%	11,6%
Kópavogur	36	11,6%	11,6%
Garðabær, Hafnarfjörður og Álftanes	50	16,1%	16,1%
Landsbyggð	33	10,6%	10,6%
Fjöldi svara	311	100%	
Svarar ekki	22		
Alls	333		








Tafla 6. Hvaða námi hefur þú lokið?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Svör			
Minna en skyldunámi	18	5,6%	5,6%
Grunnskólaprófi/gagnfræðaprófi/landsprófi	133	41,3%	41,3%
Starfsnámi	56	17,4%	17,4%
lönnámi	40	12,4%	12,4%
Stúdentsprófi	46	14,3%	14,3%
Námi á háskólastigi/eða sambærilegu námi	29	9,0%	9,0%
Fjöldi svara	322	100%	
Svarar ekki	11		
Alls	333		



Tafla 7. Hjúskaparstaða svarenda

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Svör			
Einhleyp(ur)	146	44,1%	44,1%
Gift/kvæntur	93	28,1%	28,1%
Í (staðfestri) sambúð/samvist	27	8,2%	8,2%
Fráskilin(n)	57	17,2%	17,2%
Ekkja/ekkill	8	2,4%	2,4%
Fjöldi svara	331	100%	
Svarar ekki	2		
Alls	333		







Tafla 8. Fjölskyldugerð svarenda

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Svör			
Býr ein(n)	74	23,6%	 23,6%
Býr með maka	21	6,7%	 6,7%
Býr með maka og börnum	73	23,3%	 23,3%
Einstæð(ur) með börn	92	29,4%	 29,4%
Býr með foreldri/foreldrum eða öðrum en maka og börnum	25	8,0%	 8,0%
Býr með börnum og foreldri/foreldrum eða öðrum en maka	19	6,1%	 6,1%
Býr með maka, börnum og foreldri(um) eða öðrum	9	2,9%	 2,9%
Fjöldi svara	313	100%	
Annað eða vantar upplýsingar	20		
Alls	333		

Tafla 9. Áttu barn (þar með talin stjúpborn og fósturbörn)?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Svör			
Nei	62	19,1%	 19,1%
Já	262	80,9%	 80,9%
Fjöldi svara	324	100%	
Svarar ekki	9		
Alls	333		

Tafla 10. Fjöldi barna (þar með talin stjúpborn og fósturbörn)?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Svör			
1 barn	68	26,2%	 26,2%
2 börn	80	30,8%	 30,8%
3 börn	57	21,9%	 21,9%
4 börn	42	16,2%	 16,2%
5 börn	10	3,8%	 3,8%
6 börn	3	1,2%	 1,2%
Fjöldi svara	260	100%	
Á ekki barn/börn	62		
Svarar ekki	11		
Alls	333		

Tafla 11. Fjöldi barna 17 ára og yngri (þar með talin stjúp börn og fósturbörn)?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Svör			
Ekkert barn	30	14,9%	14,9%
1 barn	72	35,6%	35,6%
2 börn	60	29,7%	29,7%
3 börn	23	11,4%	11,4%
4 börn	14	6,9%	6,9%
5 börn	3	1,5%	1,5%
Fjöldi svara	202	100%	
Á ekki við - býr ein(n)	72		
Svarar ekki	59		
Alls	333		

Tafla 12. Fjöldi í heimili

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Svör			
1 í heimili	74	23,1%	23,1%
2 í heimili	69	21,5%	21,5%
3 í heimili	80	24,9%	24,9%
4 í heimili	54	16,8%	16,8%
5 í heimili eða fleiri	44	13,7%	13,7%
Fjöldi svara	321	100%	
Svarar ekki	12		
Alls	333		

Tafla 13. Býrð þú í eigin húsnæði, leiguhúsnæði eða hjá öðrum?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Svör			
Eigin húsnæði (einbýli/parhús/raðhús)	16	5,0%	5,0%
Eigin húsnæði (íbúð/hæð í fjölbýlishúsi)	44	13,6%	13,6%
Í foreldrahúsum eða annarra ættingja	12	3,7%	3,7%
Leiguhúsnæði á almennum markaði	158	48,9%	48,9%
Leiguhúsnæði í félagslega húsnæðiskerfinu	77	23,8%	23,8%
Leiguhúsnæði hjá Brynju, hússjóði Öryrkjabandalags	5	1,5%	1,5%
Í sérstöku húsnæði/íbúð fyrir aldraða	1	0,3%	0,3%
Heimilislaus	1	0,3%	0,3%
Annað	9	2,8%	2,8%
Fjöldi svara	323	100%	
Svarar ekki	10		
Alls	333		

Tafla 14. Staða á vinnumarkaði

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Svör			
Í launaðri vinnu	21	6,5%	6,5%
Atvinnulaus	142	44,1%	44,1%
Öryrki	122	37,9%	37,9%
Heimavinnandi/í fæðingarorlofi	6	1,9%	1,9%
Á eftirlaunum	12	3,7%	3,7%
Annað	19	5,9%	5,9%
Fjöldi svara	322	100%	
Svarar ekki	11		
Alls	333		

Tafla 15. Lengd atvinnuleysis – spurt meðal atvinnulausra svarenda

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Svör			
0-6 mánuðir	56	43,1%	43,1%
7-12 mánuðir	29	22,3%	22,3%
1-1,5 ár	15	11,5%	11,5%
1,5-2 ár	24	18,5%	18,5%
Yfir 2 ár	6	4,6%	4,6%
Fjöldi svara	130	100%	
Á ekki við - er ekki atvinnulaus	174		
Svarar ekki	29		
Alls	333		

Tafla 16. Tegundir tekna til lífsviðurværis/framfærslu. Merkt við allt sem við á.

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Svör			
Námslán	4	1,2%	1%
Laun frá vinnuv eitanda	30	9,3%	9%
Tekjur af eigin atvinnurekstri	3	0,9%	1%
Atvinnuleyfisbætur	127	39,6%	40%
Fjárhagsaðstoð frá félagsþjónustu sveitarfélaga	34	10,6%	11%
Húsaleigubætur	133	41,4%	41%
Sérstakar húsaleigubætur	65	20,2%	20%
Dagpeningar frá sjúkrasjóði stéttarfélags	4	1,2%	1%
Endurhæfingarlífeyrir frá TR	19	5,9%	6%
Örorkulífeyrir frá TR	112	34,9%	35%
Ellilífeyrir	16	5,0%	5%
Lífeyrissjóðsgreiðslur	31	9,7%	10%
Fæðingarorlofsgreiðslur	5	1,6%	2%
Barnalífeyrir	51	15,9%	16%
Meðlag	66	20,6%	21%
Mæðralaun	35	10,9%	11%
Barnabætur	125	38,9%	39%
Framfærsla frá fjölskyldu eða maka	35	10,9%	11%
Aðrar tekjur	13	4,0%	4%
Alls	908		

Tafla 17. Heildartekjur í síðasta mánuði, fyrir skatt (þar með talin öll laun, allar bætur, námslán o.s.frv)

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Svör			
Undir 150 þúsund krónur	128	43,7%	43,7%
150-199 þúsund krónur	100	34,1%	34,1%
200 þúsund krónur eða hærra	65	22,2%	22,2%
Fjöldi svara	293	100%	
Svarar ekki	40		
Alls	333		

Tafla 18. Hver er helsta ástæða þess að þú leitaðir til hjálparsamtakanna? Merkt við allt sem við á.

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Svör			
Lágar tekjur	229	72,0%	72%
Veikindi/heilsuleysi	94	29,6%	30%
Skuldavandi	130	40,9%	41%
Atvinnuleysi	132	41,5%	42%
Annað	32	10,1%	10%
Alls	617		